1,75

Fundagjörðabók

Sauðárhrepps

1904 – 1907

I·CHR·PETERSEN'S
·PAPIRHANDEL·
·VED·
NICOLAI TAARN

FABRIK OG LAGER
·AF·
HANDELSBØGER
No 451½
PRIS 1 KR. 20 ØRE.

DET·ER·TILSTRÆKKELIGT·AT·OPGIVE·OVENSTAAENDE·No·FOR·AT·ERHOLDE·DEN·SAMME·BOG

Ár 1904 hinn 29. janúar var haldinn hreppsnefndarfundur á Sauðárkrók. Mættir voru allir nefndarmenn. Þessi mál voru fyrir tekin:

1. Innlent brunabótafélag

Oddviti lagði fram bréf viðkomandi sýslumanns þar sem spurt var um það hvort sveitarfélagið eitt útaf fyrir sig eða í félagi við eitt eða fleiri nálæg sveitarfélög vildi stofna brunabótafélag sem væri svo endurtryggt í almennu og innlendu vátryggingarfélagi sem væri sameiginlegt fyrir allt landið.

Nefndin er þeirrar skoðunar að æskilegt væri að innlent brunabótafélag kæmist á stofn hér á landi og hyggur heppilegt að hafa það í smáu deildum, eptirlitið myndi þá auðveldara og líklega kostnaðarminna en hinsvegar var málið nú svo lítið undirbúið, að hreppsn. treysti sér ekki til að ~~láta~~ gjöra á fundinum ákveðnar tillögur um það, en felur hr. Pálma Péturssyni á Sjávarborg að leyta sér nokkurra upplýsinga sem nefndinni virðist nauðsynlegt að fá og svara svo fyrirspurninni fyrir nefndarinnar hönd

2. Ábyrgðarsjóði fyrir nautpening.

Framlagt var og upplesið frumvarp til stofnunar ábyrgðarsjóðs fyrir nautgripi í Skagafjarðarsýslu samið af síra Sigf. Jónssyni á Mælifelli og Árna Einarssyni í Reykjum. Nefndin felur oddvita oddvita að kalla sam

an almennan hreppsfund og bera málit undir hann til umsagnar.

3, Bæjarklukkan og viðgjörð á henni.

Oddviti las upp bréf frá nokkrum Króksbúum sem skora á hr. nefndina að láta gjöra við bæjarklukkuna sem ekki hefir gengið um nokkurn tíma að undanförnu. Í tilefni af bréfi þessu, samþykkti nefndin að fela Þorsteini smið eða ~~[illegible]~~ Steindóri Jónssyni að setja upp klukkuna á ný, í samvinnu við úrsmið Peter Sighvatsson, á húsi Jóns Guðmundssonar, sem lofað hefir að koma klukkunni fyrir á húsi sínu, gegn því að nefndin tryggi sér það að hugsanlegar skemmdir á húsinu af völdum klukkuuppsetningarinnar verði bætt, er hún kann að verða niðurtekin. — Að þessu gengur nefndin.

4.) Bréf lagt fram frá Popp kaupmanni, er fer fram á að hreppsnefndin (beggja) taki að sér skuld sem Hafliði Gunnarsson er í við verzlun nefnds kaupm. Þar sem nefndinni er ókunnugt um samning milli kaupmanns þessa og Hafl. felur hún oddvita að kynna sér samninga þessa og viðskipta reikninga Hafliða við Popps verzlun og síðan leggja málið á ný fyrir nefndina

5.) Halfdan Kristjánsson hafði farið þess á leit við nefndina að hún léði ~~honum~~ honum til íbúðar eptirleiðis Ömmubæinn þar sem íbúð sú er hann hefir nú er sé oflítil og óhentug fyrir fjölskyldu hans. Nefndin viðurkennir að beiðni þessi sé á rökum byggð og samþykkir að ljá Hálfdani nefndan bæ svo framt að pláss það sem hann er nú í verði leigt.

6. Nefndin felur Jóni Guðmundssyni og Þorsteini Sigurðssyni að semja við Bjarnleif Jónsson um völlinn eða bygginguna á bæ Jóns Sigurðssonar, sem hefir falast eptir að fá hann keyptann; einnig er þeim falið að semja við Bjarnleif um framfærslu fjölskyldu hans eptirleiðis og meðgjöf með þeim fyrir árið

Fundi slitið

B. Sölvason Árni Björnsson

Hinn 8. febrúar 1904 var haldinn á Sauðárkrók í þinghúsinu almennur hreppsfundur, eptir fundarboði frá oddvita hrepps~~nefnd~~nefndarinnar.

Var þá tekið til umræðu:

1 Um ábyrgðarsjóð fyrir nautgripi

Oddviti las upp frumvarp til reglugjörðar ~~fyrir~~ um ábyrgðarsjóð fyrir nautgripi, er sýslunefndin hafði lagt fyrir hreppsnefnd til umsagnar. (sjá næstu fundargjörð)

Við umræður málsins sem urðu talsvert miklar kom það berlega í ljós að margir bændur voru því mótfallnir að skylda menn til að tryggja nautgripi sína, þótti það alltilfinnanlegt gjald sem greiða yrði árlega þar sem nautgripir eru margir en flest

á þeim fremur fátíð og doðaveiki myndi her-
eptir þegar lækning á henni er uppfundin síður en
áður, valda að meini, og vátrygging kúa því eigi
eins nauðsynleg og fyr. Var þó samþykkt með
litlum meiri hluta atkvæða að stofna ábyrgðarsjóðinn
fyrir kýr, en aptur var felt með öllum atkvæðum
~~gegn~~ nema tveimur að vátryggja geldneyti.

Virðingarverð kúa var (ákveðið var) álitið hæfilegt
60 til 100 krónur.

Við 9. grein frumvarpsins gerði fundurinn þá breyt-
ingar tillögu, að í stað orðanna: „þá ber honum skaða-
bætur komi: „þá ber honum hinar ákveðnu skaðabætur

2. Um innlent brunabótafélag var lítilsháttar rætt með
góðum undirtektum en engin fundarályktun gjörð um
það mál. Fundi slitið

B. Sölvason. Pálmi Pétursson.

Hinn 9. febrúar 04 var hreppsnefndarfundur haldinn allir
nefndarmenn voru mættir

1., Hafliða mál

Oddviti hafði leitað upplýsinga viðvíkjandi skuld
Hafliða Gunnarssonar – sjá fund. 29. jan þ. á. tölul. 4. – við
Popps verzlun og lagði fram skuldasamning og verzl
unarreikninga. Er skuldin í þeim talin 31. desemb
1903 587 kr. 52 aur. — Oddvita og Jóni Guðmundss
var falið að semja við kaupm. Popp og reina að kom
ast að hagkvæmum samningi um greiðslu skuldarinnar

og helst fá hana lækkaða allt að helmingi leggja
síðan gjörðir sínar fyrir og undirtektir kaupmanns
ins fyrir næsta hreppsnefndarfund

2. Fundarboð til samþykktar um ábyrgðarsjóð fyrir
gripi í Skagafjarðarsýslu

Oddviti lýsti yfir því, að eptir fyrirmælum
síðasta hreppsn.fundar, hefði verið haldinn almennur
hreppsfundur 8. þ.m. til þess að grennslast eptir
undirtektum manna í nautgripa ábyrgðarsjóðsmál
inu. Voru undirtektir almennings mjög daufar,
þar sem að eins örlítill meiri hluti óskaði eptir
slíkri sjóðstofnun, en hinn stóri meiri hluti var
var mjög á móti því og álitu of nærri gengið frelsi
manna að gjöra tryggingu nautgripa að skyldu
Jafnvel þó hreppsnefndin sé þessar skoðunar að
stofnun ábyrgðarsjóðs fyrir nautgripi í hreppnum
sé þarfamál í sjálfu sér, þá álítur hún nú mik-
ils um vert, að slíkt mál hafi almennt fylgi
hreppsbúa, – að hún eigi sér fært að leggja til að
slíkur sjóður sé stofnaður í hreppnum að svo stöddu
það sem það hefir berlega framkomið að mikill
~~meiri~~ hluti bænda í hreppnum er því mótfallinn
Hinsvegar leyfir nefndin sér að vekja athygli á hvort
hvort eigi myndi tiltækilegt að einn ábyrgðar-
sjóður fyrir sýsluna kæmist á, og væri mönnum
frjálst látið að tryggja nautgripi (sína) hennar

Mundi þeim þá óðum fjölga, er segja nauðsyn og slíks sjóð

3. Lagt var fram frumvarp til heilbrigðissamþyktar fyrir Sauðárkrók, samið af síra Arna Björnssyni í samráði við héraðslækninn. – Nefndin íhugaði frumvarpið og breytti því í nokkrum atriðum og samþykkti síðan: Heilbrigðissamþyktina í 31 grein, og fela nefndar oddvita sínum að leggja samþyktina fyrir sýslufund

4. Oddviti lagði fram bréf sýslumanns af 20 nóv. f. á. sem birti þann úrskurð hans að framfærslusveit Sölva Jónssonar sé ekki skyld að endurgjalda Sauðárhreppi fátækrastyrk, er honum var veittur fardagaárið 1902–1903 heldur sé það skylda eiganda þess húss á Sauðárkróki sem nefndur Sölvi bygði hjá.
Nefndin heldur fram þeim skilningi, að hún eigi beinan aðgang að framfærsluhreppi styrkþyggjandans, og samþykkir því að áfrýja úrskurði sýslumannsins

5. Lýst var yfir, að þurfalingurinn Jórunn Sveinsdóttir hefði andast hinn 3. þ. m. og jarðarför hennar ákveðin næsta fimmtudag.

Fundi slitið

B. Sölvason Árni Björnsson

Samningur við Kaupmann Popp um skuld Hafl.d. Gunnarssonar s. b. tölul. 1. síðasta fundarg. fell á þá leið, að fái kaupm. borgaðar fyrir næstkomandi Nýjár – 1905 – tvo þriðjunga skuldarinnar Kr 391.69 í vörum einum og innskriptum – engu lofað í peningum – sem hann lofar að taka með algengu verði, þá gefur hann eptir 1/3 – einn þriðjung – skuldarinnar – Kr. 195.83

Hinn 24. Maí 1904 var haldinn hreppsnefndar fundur í þinghúsi hreppsins. Mættir voru allir nefndarmenn nema Þorsteinn Sigurðsson (sem ekki) fekk fært á fundinn [illegible] þá vanur (var heima þegar fundur var settur.

1 Fátækramál:
Beiðni frá Solveigu Jóhannesdóttur um hjálp hreppsnefndarinnar til að fá seldar eigur sínar og þeim breytt í peninga, til [illegible] a. H. – helst ameríkuferðar
Nefndin álítur sér skylt að verða við beiðni þessari, að svo miklu leiti sem álízt heppilegt fyrir hag beiðanda og hreppsfélagsins en telur málið svo lítið undirbúið að hún sé eigi gjörandi að ráða því til lykta á þessum fundi en felur síra Árna og Jóni Guðmundssyni að kynna sér allar kringumstæður Solveigar og leggja fyrir nefndina upplýsingar og tillögur sínar á næsta fundi

2 Brúarmál Nefndin hafði á næstl. haust-
falið Þorsteini Sigurðssyni smið að ráða
verkamenn til stöplahleðslu við Gönguskarðsár
brúnni og hafa umsjón með verkinu en þar sem nefndinni er ókunnugt
um aðgjörðir Þorsteins í því efni, en telur hinsveg
er nauðsynlegt, að hann, sem væntanlegur yfir
smiður brúarinnar, sje á fundi þegar ~~þá~~ um
brúargjörðina er að ráða, var ákveðið að fresta
fundinum til 28. þ.m. að Þorsteinn eptir sögu
yrði heima.

Fundi slitið

Hinn 28. Maí 1904 var haldinn hrepps
nefndarfundur í þinghúsi hreppsins Mættir
voru nefndarmenn allir nema Þorsteinn Sig-
urðsson sem ekki fékkst til að mæta á fund
inum jafnvel þó hann væri heima og oddvit-
i skoraði á hann að mæta á fundinum.

1 Brúarmál

Fyrst lagði oddviti fram 2 sýslumanns
bréf þar sem skýrt var frá að sýslunefnd
hefði hreppnum heimild til að taka 600 króna
lán ~~til~~ uppá ábyrgð sveitarfélagsins til að stand
ast kostnaðinn við brúar~~smíði~~ byggingu Göngu
skarðsárbrúar, og ~~sömuleiðis~~ til þess að lengja
styttri brúna að mun.

Þareð Þorsteinn Sigurðsson hefir enn ei-
gjört neinar ráðstafanir til framkvæmdar á stöpla
hleðslu, svo sem hönum hafði verið; og hann
er stöðugt framm í sveit við smíðar, – ákveður
nefndin hérmeð að nú þegar skuli byrja á
hleðslu stöplanna ráða 6–8 menn til starfs
þessa, og kýs ~~að~~ nefndin að Sveinn Sigvalda
son verði fenginn til að vera verkstjóri, eða
annar þar til hæfur maður. Reikninga þessara
manna og yfir umsjón með starfinu felur
nefndin Jóni Guðmundssyni.

2. Bréf dagsett í dag frá kaupmanni Kristjáni
Gíslasyni þar sem hann kvartar um ~~að~~
Bjarnleifur Jónsson hafi rofið við sig vinnusamn
ing og dróttar því að nefndinni að hún hafi verið
þess valdandi og krefst hann þess að nefndi
bergi skuld Bjarnleifs að upphæð Kr 46,74
og að auki í skaðabætur fyrir samningsrof
30 Krónur. Um leið og hreppsnefndin
lýsir það algjörð ósannindi að hún hafi
nokkurn tíma verið þess valdandi að Bjarn
leifur Jónsson eða nokkur annar maður rifi
samninga sína lætur hún það álit sitt
uppi, að heppilegast sé að Bjarnleifur standi
við samninga sína gjörða og vill stuðla til
þess, að því svo miklu leyti sem til hennar

getur náð, að sem mest verði og að vinnu-
samningurinn geti endurnýjast til [illegible] september 1904. — Þetta var fjelur nefndin oddvita sínum að birta Hr. Gíslasyni.

3. Þareð Þorsteinn Sigurðsson, sem falið hefir verið að sjá um bóna bygginguna í Gönguskarði, ekki mætti á fundinum þessum, og oddvitinn þó aðvaraði hann, ákveður nefndin að gjöra enn tilraun að fá hann á fund og felur oddvita að kalla saman nefndarfund laugardaginn 11. júní kl. 7 næstkomandi.

Fundi slitið
B. Sölvason

Hinn 4. júní komst eigi fundur á, þar sem hvorki kom Þorsteinn né heldur sira Árni sem var forfallaður.

Hinn 15. júní komu saman á Sauðárkrók 3 nefndarmenn. Þorsteinn og Pálmi mættu ekki. Var þá rætt um þá umkomna beiðni Sólveigar um aðstoð til að komast til Ameríku, samb. fundargerð 27/5. Nefndin álítur eptir atvikum heppilegt að Sólveig komist til Ameríku, en þar sem nefndin er eindregið á móti því að styrkja fólk til Ameríkuferða, þá getur eigi komið til tals neitt fjárframlag úr sveitarsjóði í því skini og þar sem allmikil hætta er á því að Sólveig verði send aptur til baka, þar sem hún er ein með 2 ung börn, þá sér nefndin sér ekki fært að stuðla að vesturferð Sólveigar að þessu sinni, enda vissa fyrir því að hún fær eigi vegabrjef hjá sýslumanni ~~undir~~ eins og sakir standa nú.

Hafliði Gunnarsson sem í fyrra hljóp burtu frá heimili sínu geggjaður á geði, er nú fluttur hingað fátækraflutningi austan úr Rangárvallasýslu. Hann er sýnilega ekki heilbrigður á geðsmunum en þó hægur og virðist ekki geta að gjöra öðrum mein en vill helst ~~vera~~ í fámenni, óttast að allir sitji um að skaða sig. Nefndin ályktar að láta Halfdán Kristjánsson fylgja Hafliða eptir fyrst um sinn til að hafa gát á honum en vill að öðruleyti láta hann sem mest sjálfráðan.

Fundi slitið
B. Sölvason

Hinn 24. júní 1904 var haldinn fundur í
hreppsnefnd Sauðárhrepps. Hafði aldursfor-
seti hinnar nýkjörnu nefndar, Jón Guðmunds-
son kallað fundinn, setti hann og stóð fyrir
kosningu starfsmanna í nefndinni. Voru
auk hans við staddir: séra Árni Björnsson,
er setið hafði kyr í nefndinni, og hinir nýkosnu
hreppsnefndarmenn: Jónas Sveinsson og Pétur
Sighvatsson, en Þorsteinn Sigurðsson vantaði
á fund þenna, og hafði honum þó með skrifl.
fundarboði verið boðaður hann. - Á fundinum
var og mættur hinn fráfarandi oddviti Bene-
dikt Sölvason, sem þó tjáði sig þess ekki
albúinn, að skila af sér til fullnustu á þessum
fundi, enda var ei til þess ætlast. -
Þá hóf aldursforseti störf með því að
ganga fyrir skriflegum kosningum á starfs-
mönnum nefndarinnar, og fóru þær þannig:
að oddviti var kosinn Jónas Sveinsson með 3 atkv.
- varaoddviti -"- -"- Pétur Sighvatsson -"- 2 atkv.
- gjaldkeri -"- -"- Jón Guðmundsson -"- 3 atkv.
Á fundinum lágu engin sérstök mál fleiri
fyrir, og var honum því slitið.

Jónas Sveinsson

Hinn 23. ág. 1904 hélt hreppsnefndin
fund á Sauðárkróki. Nefndarmenn allir mættir
nema Þorsteinn smiður Sigurðsson.
Oddviti setti fundinn og lýsti yfir, að tilgangur
fundar þessa væri sá, að fjalla um mál Hafliða
Gunnarssonar, er væri sturlaður, og hefði verið flutt-
ur þurfamannaflutningi á hreppinn austan úr
Árnessýslu á síðasta vori, og nú á ný, eftir að
hafa sloppið úr gæslu, verið fluttur, að tilhlutun
sýslumanns Húnvetninga, upp á hreppinn kostn-
að frá Blönduósi og hingað. Ennfremur
kvaðst oddviti hafa fram að leggja ýmsa reikn-
inga og bréf, þessu og fleiri málum viðkomandi:
1. Oddviti lagði fram reikning yfir kostnað við
flutning á Hafliða Gunnarssyni frá Blönduósi
til Sauðárkróks, uppá 51 kr. Bera þessir reikn-
ingar það með sér, að flutningsmennirnir hafa
verið 4, og að hver þeirra hefur reiknað sér 7 kr.,
og þó einn 8 kr. fyrir ferðina og 4 kr. fyrir hest
hvern, og 1 kr. um kl. tíma fyrir að gæta Hafliða
áður farið var með Hafliða af stað frá Blönduósi.
Þar sem nefndinni er kunnugt um,
að eigi er nema 10-12 kl. tíma ferð frá
Blönduósi til Sauðárkróks fram og aftur

getur hún eigi dulist þess, að reikningskröfur flutningsmannanna eru nálægt helmingi hærri en sanngjarnt er.

2. Framlögð krafa frá Hrunamannahreppi uppá 71,50 a. til framfæris Hafliða Gunnarssyni, ásamt bréfi frá sýslum. Skagafjarðarsýslu, er birtir nefnda kröfu.

Nefndin felur oddvita sínum að skrifa sýslumanni ~~sínum~~, og birta honum neitun hreppsnefndar, að verða við kröfu þessari, þar eð hún sé ólöglega framkomin. —

3. Framlagðir reikningar
a: frá Birni hreppstjóra Jónssyni á Veðramóti fyrir fjárskoðun, uppá 28 kr.
b. frá sama fyrir undirhald á Hafliða Gunnarssyni uppá 6,00
c. frá sama fyrir uppboð, haldið fyrir hreppinn, uppá 6,42.

4. Sögð var fram tilkynning frá sýslumanni um að alþýðustyrktarsjóðstillag í ár væri fyrir þenna hrepp 28 kr.
Nefndin felur oddvita sínum að slá þessu upp til umsóknar fyrir næsta haust.

5. Þá var framlagt bréf frá oddvita Svínavatnshrepps, ásamt reikningum uppá 115 kr., sem er kostnaður við sjúkleik ekkjunnar Margrétar Jónsdóttur, er í f.m. var flutt hingað fátækraflutningi, en áður hafði legið allengi þungt haldin í Stóradalsseli í Svínavatnshreppi.

Að athuguðum reikningum þessum, finnur nefndin þá yfirleitt sanngjarna og samþykkir að borga þá til Svínavatnshrepps við fyrsta, eða í síðasta lagi í næsta haustkauptíð. Þetta tilkynnist oddvita Svínavatnshrepps.

6. Eignalisti yfir eignir Margrétar Jónsdóttur, eptir eigin framtali hennar, var því næst framlagður, og sýnir hann að hún á talsvert af sængurfatnaði, í geymslu á Höllustöðum í Svínavatnshreppi, og að auki 8 ær, með dilkum og 1 kind veturgamla hjá Gísla Gíslasyni á Höllustöðum.

Til þess að ganga eptir eignum þessum gefur hreppsnefndin nú þegar herra Sigurjóni Jóhannssyni, bónda í Finnstungu fullt umboð sitt.

7. Þá lýsti oddviti yfir, að til vandræða horfði með Hafliða Gunnarsson, þar eð hann væri svo sturlaður, að hann yrði að vera undir stöðugu eptirliti. Nú sem stæði væri hann hjá gestgjafa Helgu Steinsdóttur uppá 1 kr. meðgjöf á dag, en bæði væri þetta dýrt, og í annan stað vildi Helga

eigi halda hann lengur. Hvaðst oddviti hafa boðað til almenns hreppsfundar hinn 21. þ.m. til þess að menn þar gætu komið sér saman um, hvað úr skyldi ráða með optnefndan Hafliða Gunnarsson, – þar sem hann hefði séð að hér væri að ræða um ákafl. ábyrgðarríkt málefni, hvernig sem á væri litið. En þar sem gjaldendur hreppsins hefðu sýnt slíkt áhugaleysi um mál þetta, að þeir eigi hefðu mætt á hinum boðaða hreppsfundi, yrði nú hreppsnefndin að taka til sinna ráða sem best hún gæti. – Hvaðst oddviti hafa gjört ráðstafanir til þess síðar að fá upplýsingar um, með hverjum kjörum og kringumstæðum hugsanlegt væri að koma Hafliða á geðveikraspítala erlendis, – því sú aðferðin með sjúkling þenna myndi mest að skapi hreppsnefndar og mestu gjaldenda annara í hreppnum, ef kleyft yrði. En áður þetta gæti hugsast að komast í kring, þyrfti að koma Hafliða fyrir í góðum stað.

Þá var Helga Steinsdóttir kölluð á fundinn og lofar hún að halda Hafliða enn í ½ mánuð, er nefndin ætlar að nota til að útvega nýjan vern- og gæzlustað handa optnefndum þurfaling.

Fundi slitið. Friðrik Sveinsson

Hinn 24. okt. 1904, var á Sauðárkróki settur hreppsnefndarfundur. Voru nefndarmenn allir mættir.

Aðalstarfið er fyrir lá, var að jafna niður sveitarútsvörum. – Var þá fyrst samin og samþykkt svolátandi:

Áætlun

um tekjur og gjöld hreppsins 1904–1905

| Tekjur | Kr | a. | Gjöld | | Kr | a. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Tíundarútsvör | 130 | 00 | 1. Afborganir og vextir | | 120 | 00 |
| 2. Afborgun af Hafliðabúi | 65 | 00 | 2. Refaveiðar | | 50 | 00 |
| 3 Dto af Jónsbúi | 34 | 00 | 3. Til skóla Sauðárkr. | | 300 | 00 |
| 4. Húsaleiga af Grænatúni | 25 | 00 | 4. Til þurfamanna | | | |
| 5. Frá Holtshreppi | 252 | 00 | a Jón Sigurðsson | 140.00 | | |
| 6. Rentur frá S.króks kirkju | 20 | 00 | b. Ingigerður og Hólmfríður | 140.00 | | |
| 7. Af Hafliða uppboði | 20 | 00 | c. Hafliði Gunnarss. | 500.00 | | |
| 8. Uppíbráðarstopla frá Skefilsst. | 50 | 00 | d. Margrét Jónsd. | 365.00 | | |
| | | | e. Hálfdán Kristjánss. | 180.00 | | |
| | | | f. Hallur Magnúss. | 112.00 | | |
| | | | g. Börn Hafliða og Páls Kristjs. | 226.00 | | |
| | | | h. Jóhann Jónss. og Guðný Gíslad. | 50.00 | | |
| | | | i. Jón Jónss. Vatnsskarði | 60.00 | | |
| | | | j. Guðm. Guðm.son | 30.00 | | |
| | | | k. Barnsmeðgjöf norð. þing. sýslu | 36.00 | 1839 | 00 |
| flyt | 596 | 00 | flyt | | 2309 | 00 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| flutt | 596 | 00 | flutt | 2309 | 00 |
| | | | 5. Sveitarstjórnarkostnaður | 225 | 00 |
| | | | 6 Af brúarstöplakostnaði | 200 | 00 |
| | | | 7. Skuld Hafliða við Pappsverzl | 400 | 00 |
| | | | 8. Ýmiss útgjöld | 500 | 00 |
| 9. Til niðurjöfnunar | 3558 | 00 | 9. Sýslusjóðsgjöld hreppsins | 520 | 00 |
| | 4154 | 00 | Kr. | 4154 | 00 |

Nefndin samþykkti með atkvæðagreiðslu 300 – króna styrkveitingu til barnaskólans á Sauðárkrók.

Þar, sem það kom í ljós, að þarfir hreppsins aukast um fullan þriðjung við það, sem var síðastliðið ár, samþykkir nefndin, að viðhafa grundvallarmeðalkvarðann 3 krónur á hvert lausafjárhundrað og jafngildi þess, við niðurjöfnunarútsvarsálögu. Samþ. að sækja um samþykki sýslunefndar til þessarar hækkunar.

Fundinum frestað til næsta dags, eptir að nokkur undirbúningur var gjör til niðurjöfnunarstarfsins.

Næstu daga, hinn 25, 26 og 27 hélt nefndin niðurjöfnunarstarfinu áfram, og lauk því að kveldi hins síðasta dagsins.

Að aflokinni niðurjöfnunarstarfinu voru þessi mál fyrir tekin:

a. Með 3 atkv. var oddvitinum til þess kosinn að semja verðlagsskrá fyrir hreppinn ásamt hreppstjóra og presti.

b. Samþykkt var að fela Pétri Sighvatssyni að hafa á hendi eptirlit með bæjarklukkunni, og tókst hann það á hendur fyrir 2,50 aura þóknun um árið. –

c. Umsókn kom fram frá Jóni Björnssyni á Veðramóti um, að verða ráðinn barnakennari ~~fyrir~~ í hreppnum.

d. Í tilefni af umsókn þessari, samþykkir nefndin, að herra Jón Björnsson á Veðramóti starfi sem ráðinn unglingakennari í hreppnum, – en setur það í skilyrði, að hann kenni minnst allt að 16 vikum á ýmsum heimilum hreppsins, utan síns heimilis.

d. Eptir þar um framkomnum umsóknum veitir hreppsnefndin styrk úr Alþýðustyrktarsjóði Sauðárhrepps þannig:

| | Kr. a |
|---|---|
| Guðmundi Þorleifssyni, Heiðarseli | 14,00 |
| Þorbergi Sigurðssyni Sauðárkrók | 8.00 |
| Árna Gíslasyni s. st. | 6.00 |

e. Nefndin samþykkir að fela oddvita sínum að fá sem fyrst yfirvaldsúrskurð á hendur þeim bræðrum Guðmundi Guðmundssyni

á Sauðárkróki og Sigurði Guðmundssyni
frá Ulfsstöðum í Blöndudalshlíð, er skyldi þá
til að ala önn fyrir föður sínum, gamal-
menninu Guðmundi Guðmundssyni á Sjáv-
arborg. = ~~Ahstur nefndin hafi logt. eptir~~
~~atvikum, að.~~

9. f. Nefndin athugar, að Halli Magnússyni
hefir verið ~~veitt~~ á Seyðisfirði síðastl. vetur
á 2að (hundrað) krónu sveitarstyrkur, og að hann síð-
an, án alls eptirlits, að því er hinn gjörða sveitarskuld
snerti, fer af landi burt til Ameriku. Nefndin
óskar, að fá upplýsingu um, hvort ~~eigi~~ gang-
skör hafi verið gjörð að því, að ná í borgun
upp í sveitarstyrkinn af eignum þeim, er teðr
Hallur eigi flutti með sér til Vesturheims.
Sömul. þykir hreppsnefndinni það kynlegt,
ef mönnum leyfist, í fjarlægð, átölulaust
að ~~[illegible]~~ binda framfærslusveit sinni
skuldabagga á herðar, og klaupast jafn-
hraðan af landi burt ~~með~~ sem alfrjáls
maður. = Ennfremur telur nefndin
óvissu á, hvort, hægt sé, að telja húsaleigu sem
sveitarstyrk, er framfærslusveitinni beri
að greiða.

Þessar athugasemdir sínar felur
nefndin oddvita sínum að

beina rétta leið, og ~~#~~ óska úrskurða í ágrein-
ingsatriðum, áður skuldakröfu Seyðisfjarðar-
kaupstaðar sé að fullu viðurkend af nefndinni
hér.

g. Nefndin samþykkir, að niðurjöfnunar-
skráin liggi frammi hinn lögákveðna
tíma hjá oddvita hreppsins.

h. Nefndin samþykkir til útborgunar reikn-
ing frá sýslumanni Eyfirðinga uppá
23 Kr. fyrir kostnað við flutning á Haf-
liða Gunnarssyni, - sem, strokinn héðan,
var höndlaður í Eyjafirði, og sendur
heim með gufuskipinu Ceres, seint í Sept-
ember þ. á.

i. Samþykkt úttekt til handa Jóhanni
Jónssyni á Litlahóli, hjá L. Popp uppá
c. 20 Krónur.

j. Oddviti lýsti yfir, að Halfdán Kristjánsson
hefði tekið að sér að gæta Hafliða Gunnars-
sonar í vetur; væri lítil kompa innrétt
á ~~fastt~~ við íbúðarstofu Halfdánar, þannig
að Hafliði gæti, eptir vild, haft samblendi
við heimafólk, en væri þó undir stöðugu
eptirliti. Oddviti kvaðst enga upplýsinga
hafa getað fengið um kostnað við
undirhald sjúklinga á geðveikraspítala

erlendis.

k. Nefndin fjelur oddvita sínum að skrifa sýslumanni og biðja hann að hlutast til um, að hreppnum endurborgist frá rjettum hlutaðeiganda framlagðir meðgjafarpeningar með börnum Páls Kristjánssonar, Höfðahólum, til Grýtubakkahrepps.

l. Gjaldkeri hreppsins lýsti yfir að kostnaður við brúarstöplana að Gönguskarðsá væri orðinn c. 750 krónur. Einsog sjest af framansitaðri áætlun um tekjur og gjöld hreppsins eru aðeins 200 kr. af upphæð þessari nú jafnað niður, og sá nefndin eigi fært að taka meira af upphæð þessari til niðurjöfnunar.

Hreppsnefndin lýsti við að sinnum tíma að þurfa að taka brúarbyggðarlán þessu [illegible] brúar fyrirtæki til framkvæmdar.

m. Hreppsnefndin samþykkir, að kæra þessa menn fyrir ólöglega dvöl í hreppnum: Eyjólfur Gíslason, Samúel Guðmundsson, Guðmundur Sigurðsson, Teodór Friðriksson, og felur oddvita sínum framkvæmd á þessu.

Fleiri mál voru eigi fyrir tekin, og var því fundinum slitið.

d. u. s.

Jónas Sveinsson — Árni Björnsson

J. Guðmundsson

Pjetur Sighvatsson.

Ár 1904 25 nov. var hreppsnefndar fundur haldinn á Sauðárkrók allir nefndarmenn mættir nema Þorsteinn Sigurðsson er var fjarverandi.

Aðalverkefni fundarins var að taka til umræðu útsvarskærur er hreppsnefndinni hafa borist. Oddviti lýsti yfir að þessir hefðu kært útsvör sín

1. Eggert Kristjánsson
2. Helga Steinsdóttir
3. Hallgrímur Þorsteinsson
4. Ólafur Briem
5. C. Knudsen
6. Þorbjörg Þorsteinsdóttir
7. Gránufjelagið

Útsvarskærurnar voru teknar fyrir í þessari röð —

1. Útsvarskæra Eggerts Kristjánss[onar]
Aðalkrafa hans var að því útsvar
sitt lækkað úr 25 kr. ofan í 15 kr
en hækkun heimtar hann á saman
burðar mönnum sínum þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Hjá | Jóni Guðmundssyni | 3 kr |
| — | Árna Björnssyni | 1 — |
| — | Þorsteini Sigurðssyni | 1 — |
| — | Birni Sölvasyni | 1 — |
| — | Benedikt Sölvasyni | 3 — |
| — | Pétri Sighvatssyni | 1 — |

Fyrir nefndinni er mættur kærandinn
og samanburðarmenn 3 en hinir höfðu
gefið fullar upplýsingar einkum var
skýrsla frá Birni Sölvasyni yfir
atvinnu og eignir Eggerts og hans
mjög ljós og óhrekjandi.
Eftir að hreppsnefndin hafði sýnt
kærandanum með fullum rökum
að útsvar hans væri í alla staði
rétt í hlutfalli við samanburðar
menn hans, þá óskaði kærandi að
sér leyfðist að aftur kalla kæru sína
og varð hreppsnefndin við þessari
ósk hans, var svo útsvarskæra þessi
að fullu lokið

2 Útsvarskæra Helgu Steinsdóttur
Fyrir hennar hönd mætti á fundinum Þorleifur Gíslason
eftir umboði. Aðalkrafan hennar var að útsvar hennar
sé lækkað úr 23 kr 57 a. ofan í 14 kr. Þar sem kærandinn
aðallega byggir á hinni miklu hækkun sem hafi átt sér
stað síðan í fyrra þá er það ljóst að fyrir sérlega sorglega
atburði var útsvar hennar 1/3 lægra en hefði annars verið
þar sem þetta ár er engu slíku til að dreifa og nefndin
þar að auki hefir tekið fyllilega til lits til aldurs
og einstæðingsskapar hennar við niðurjöfnun útsvarsins
þar sem lækkað hefir verið á henni um 6 kr 93 a.
er útsvar hennar þannig reiknað

| | |
|---|---|
| Álagning á 3 lfjtn. | 9 kr |
| — " 2000 kr húsverð | 7.50 |
| — " — Atvinnu 700 kr | 14 — |
| | 30.50 |
| Lækkun fyrir skuldum og ástæðum | 6.93 |
| Verður því aukaútsvarið | 23.57 |

Því úrskurðar hreppsnefndin
útsvar Helgu Steinsdóttur
standi óbreytt.

## 3 Útsvarskæra Ólafs Briems.

Hann var sjálfur mættur og einnig saman bordarmaður hans Einar Stephánsen Ólafur Briem gefur upp fyrir nefndinni að hann hafi í árs tekjur af atvinnu sinni 300 kr brúttó; En húsaverð sitt kveður hann afhátt um 1300 kr í mati til skattgjalds, í vexti kvedst hann borga ≈ 120 kr. Einar Stephánsson kvedst hafa í laun frá skólanum 300 kr frá Stephani 180 kr. en þarf að kaupa kost af konu sinni og systrum hennar fyrir 300 kr um árið. Ástæður kærandans eru þess eðlis að þær alls ekki verða til greina teknar í fyrsta lagi þar nefndin ekki trúað því að tekjur hans brúttó séu einar 300 kr. í öðru lagi ekki ástæða að ætla að eiðsvarnir matsmenn hafi metið húseign hans ofhátt um Kr 1300

Útreiknast útsvar hans þannig.

| | | |
|---|---|---|
| Álagning á húsaverð (5800 kr; 800 = 1 kr; = 3 kr) | | 21.70 |
| — „ — Atvinnu | 450 kr | 9.00 |
| | | 30.70 |
| Lækkun fyrir skuldagreiðslu(?) | | 7.70 |
| | Aukaútsv. | 23.00 |

Því úrskurðar hreppsnefndin útsvar þetta skal óbreytt standa

## 4. Útsvarskæra C. Knudsens.

Kærandi mætti sjálfur einnig saman bordarmaður hans Pálmi Pétursson [illegible] fyrir hönd Kaupfélags Skagfirðinga. Kærandi ákveður sjálfur í útsvarskæru sinni að hann eigi að borga í aukaútsvar 81 kr 48 a. en álítur að ekki megi taka til lits til gróða kaupa sinna sem nemur 5400 kr — en þar sem nefndin er fyllilega sannfærð um að kærandi hefir í fyrsta lagi haft umboðslaun og mörg ýmisleg þægindi af því að hafa svo mikla peninga undir höndum, ennfremur er kærandinn einhleypur brennivínssali og hefir þannig að bjóða vöru sem vel gengur út og lítil fyrirhöfn er að afhenda og ætíð borið í peningum þá þykist nefndin hafa fullan rétt til að hækka útsvar hans um þessa 20 kr er kærandi vildi útsvarið væri afhátt um

Úrskurðar hreppsnefndin því útsvar þetta skal óbreytt standa

Það var tekið til íhugunar í hreppsnefndinni að hversu mikla-
legt Kaupfélag Skagfirðinga væri skylt að greiða
útsvar. Eptir að nefndin ítarlega hafði kynnt sér yfir-
réttardóm í útsvarskærumáli hreppsins við
Kaupfélag Skagfirðinga dags. 13 febr. 1895 og
lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum 6 marz 1896
sannfærist hún á, að engi réttur sé til að leggja
auka útsvar á nefnt félag, að öðruleyti en hér segir:

1. á sölu umsetninga þeirrar vöru félagsins
sem seld hefir verið á árinu, og eigi fyrir fram pöntuð
og sem nemur eptir uppgjöf kaupfélagsstjóra Pálma
Péturssonar tæpum 8000 kr. (: átta þúsund krónum)

2. á húseign félagsins, að svo miklu leyti sem hún
hefir notuð verið til lausasölu, og nemur það eptir
uppgjöf kaupfélagsstjórans 1260 kr.

Jafnvel þó að kaupfélagsstjórinn hafi tekið
það fram, að hann eigi vilji álíta (að viður eða aðrar
vörur andvirði felst í áðurgreindum 8000 kr séu)
talin til söludeildar, eða lausasölu, þareð meiri
hluti hans hafi verið afhentur í deildir og allur
~~seldur~~ ladin sama verði eins og viður sá er pantaður
var, þá hneigist hreppsnefndin að þeirri skoðun,
(að rétt sé að telja alla þá vöru, sem afhent er eða
seld án fyrirfram pöntunar, sem söludeildar eða
lausasölu vöru, og að því sé réttmætt að leggja
á hana sem á aðra vöru umsetningu er fram hefir farið
í hreppnum.

Hreppsnefndin álítur sig ekki hafa rétt til að leggja
á húsaverð Kaupfélags Skagfirðinga, að meira leyti
en því er nemur notkun hússins til söludeildar,
það er nefndinni kunnugt, að mjög óveruleg hefir
sú lausasala verið sem fram hefir farið í húsi Kaupfél-
þar sem megin partur hinnar seldu vöru viðurinn hefir
verið seldur úti, og telur því mjög sennilegt að álíta 1/10 hús-
rúms Kaupfélagsins til þessarar sölu notadan. En þar
sem hér er um það atriði að ræða, sem er þess eðlis, að eigi
verður um það dæmt með fullkominni nákvæmni, vill
nefndin fyrir sitt leyti leyfa sér að leggja svo ríflega
á hússverð þetta, að líkt væri sem notað hefði verið allt að 1/5.

Það tekur hreppsnefndin glöggt fram að hún einmitt með
sérstakri varúð hefir íhugað rétt sinn og skyldur í álagn-
ingu þessa útsvars, sem að öllu er mjög sérstaklegs eðlis.
Sérstaklega finnur nefndin sér skylt, að ganga eigi feti
framar, en hún treystir sér að geta forsvarað, og að eiga
ekki á hættu að baka hreppi sínum meiri eða
minni fjárútlát fyrir málaferli við félag, sem að
verðleikum stendur undir vernd gildandi laga sem
starfandi að almennings heillum.

Annað en hin ýtrasta varkárni væri og hreppsnefnd-
inni mjög illa varið í máli þessu, þar sem einmitt
Sauðárhreppur áður hefir orðið fyrir útlátum
c 100 kr í útsvarsmáli við Kaupfélag
Skagfirðinga eptir yfirréttardómi 13 febr 1895

og í honum er glöggum stöfum framtekið, að Kaupfélaginu beri eigi að greiða aukaútsvar af húseign sinni né vörupöntunarumsetningu.

Að öllu þessu athuguðu getur hreppsnefndin eigi fundið neina ástæðu til að hækka útsvar Kaupfélags Skagfirðinga, þar sem fullt eins hátt er lagt á ofan og framan greindan gjaldstofn þess, eins og hjá hverjum öðrum gjaldanda hreppsins.

Því úrskurðar hreppsnefndin að útsvar Kaupfélags Skagfirðinga skal óbreytt standa.

5 Útsvarskæra Gránufélagsins á Sauðárkrók

Mættur var á fundinum Stephán verzlunarstjóri Jónsson, ásamt Pálma Péturssyni, fyrir hönd Kaupfélags Skagfirðinga, samanburðargjaldanda.

Aðalkrafa kærandans er sú, að útsvar Gránufélagsins verði lækkað um 75 krónur; en útsvar Kaupfélags Skagfirðinga hækkað um ~~tiltekna upphæð~~ c. 40 kr.

~~Það er álit nefnd~~ Útsvarskærandi óskaði það bókað, að hann áliti óréttvíst, að útsvar Gránufélags væri hækkað um c 132 kr. frá vanal. meðalkvarða, þar sem félagið skuldaði á 3ja ~~þúsund~~ hundrað þúsund krónur hjá Holme, stórkaupm. í Kaupm.höfn við síðasta nýjár

Það er álit nefndarinnar, að af öllum gjaldstofnum sem aukaútsvör leggjast á, sé enginn, sem hafi til líkingar eins mikið gjaldþol eins og vörusala sú, er gjörist hér í hreppnum hjá fastakaupmönnum. Sérstakl. leggur nefndin áherzlu á, að vínsölumenn standa í þessu tilliti vel að vígi. Það er og vitanlegt, að með mesta móti hefur borgast inn í reikninga manna af íslenzkri landvöru í ár. Ekki sér hreppsnefndin ástæðu til, að taka erlendar skuldir Gránufélagsins til greina, þar sem hinsvegar ekki verður tekið tillit til útistandandi eigna félagsverzlunar þessarar hjá viðskiptavinum hennar hérlendum.

Nefndin leyfir sér enn að taka fram og byggja mikið á, að sakir aukinna þarfa hreppsins hafa aukaútsvör hjá flestum hækkað um 1/3 og ýmsum meira, frá því í fyrra ~~við, sakir aukinna þ~~, en hjá Gránufélaginu hefur hækkun sú verið einasta 1/6, með lítið eitt lægri umsetningu en í fyrra, og virðist þetta eitt sláandi sönnun þess, að verzlan þessi hefur eigi verið misrétti beitt við álagningu sveitarútsvarsins, móts við aðra gjaldendur hreppsins.

Það tekur hreppsnefndin fram, að hún álítur sig ei skylda til að fara í öllu og einu eptir Reglugjörð sýslunefndarinnar um álagningu sveitarútsvara, svo sem kærandinn virðist ganga út frá, heldur aðeins hafa tillit til hennar, þar sem henni virðist hún koma sanngjarnlega við í framkvæmdinni. En það virtist nefndinni að ekki væri hægt, þegar til þurfti að taka við álagningu á vörusölugjaldstofninum.

Eptir sinni sannfæringu um gjaldþol Gránufélagsverzlunar hér á staðnum í samanburði við aðra gjaldendur hreppsins, og að öllu vel athuguðu, ályktar og úrskurðar hreppsnefndin því:

Útsvar Gránufélags skal óbreytt standa.

(Að því er útsvar samanburðargjaldanda snertir, vísast til þessarar fundargjörðar, undir tölulið 4.)

## 6. Útsvarskæra Þorbjargar Jónsdóttur.

Fyrir hennar hönd mætti Stephán Jónsson, verzlunarstjóri og samanburðarmaður Pálmi Pétursson.

Aðalkrafa útsvarskæranda er, að útsvarið lækki um 25 kr. úr 70 niður í 45 krónur, og að útsvar Pálma Péturssonar hækki um 20 kr. úr 70 kr uppí 90 kr.

Stephán Jónsson bað þess getið, að bakaríið skuldaði 1000 kr, sem eigi væru borgaðar rentur af.

Það er bert, að nefndin eigi getur tekið til greina til lækkunar útsvari skuld, sem engar rentur eru af borgaðar. Nefndinni er kunnugt um, að kærandinn á miklar skuldlausar eignir og býr við ágætar ástæður, fremur en margir annara gjaldenda, og álítur meiri hluti nefndarinnar svo mikið byggjandi á ágætum ástæðum gjaldanda þessa, að eigi finnist ástæða til lækkunar.

Verður því úrskurðurinn þessi:

Útsvar þetta skal óbreytt standa.

Að því er samanburðarmannsins Pálma Péturssonar snertir, virðist nefndinni sanngjarnt mæla með að útsvar hans hækki á móts við útsvar kæranda.

Úrskurðast því:

Útsvar Pálma Pjeturssonar skal hækka um 10 kr., eða úr 70 kr. uppí 80 kr.

7. Útsvarskæra Hallgríms Þorsteinssonar

Kærandi mættur, og fyrir hönd samanburðargjaldanda, Þorbjargar Jónsdóttur, mætti Stephán Jónsson, verzlunarstjóri.

Þar sem það er vitanlegt, að kærandi er mjög fátækur, og nefndinni hinsvegar hefur yfirsézt að taka nægilegt tillit til ómegðar hans, þá álítur nefndin réttlátt að útsvar hans lækki. —

Úrskurðast því:

Útsvar hans skal lækka um 3 kr. eða úr 10 kr. niður í 7 kr.

———

Oddviti lýsti yfir, að Magnús Benediktsson hefði til sín komið, og lýsti því yfir að Kr. Gíslason hefði í hótunum við hann um að ganga að húseign Magnúsar, er stæði að veði fyrir 50 kr. ~~verzlun~~ skuld við verzlun nefnds kaupmanns, ef eigi borgaðist krónur þessar nú þegar.

Nefndin fól oddvita sínum, ~~að gera þess, að ha~~ að ná fyrsta veðrétti í húsi Magnúsar fyrir skuld hans við hreppinn og um leið gera sem bezt hagsmuna Magnúsar gagnvart kaupm. Kr. Gíslasyni, um greiðslu skuldar þeirrar, er hann stendur í við verzlun hans.

Fleira lá ei fyrir fundinum.

Fundi slitið.

Jónas Sveinsson.
Pjetur Sighvatsson.
Árni Björnsson
J. Guðmundsson

Ár 1905, hinn 17. júlí, hélt hreppsnefndin fund með sér, og voru nefndarmenn allir mættir nema Þorsteinn Sigurðsson.

Oddviti setti fundinn og lagði fram:

1. Bréf frá sýslumanni P. V. Bjarnasyni og kaupm. Chr. Popp, dags. 15. þ.m. þar sem skorað er á hreppsnefndina, að útvega [illegible]ósker til lýsingar í kauptúninu Sauðárkrók og bera allan þar af leiðandi kostnað.
Hreppsnefndin samþykkir að kaupa 6 ljósker til að setja þau upp á hentugum stöðum á Sauðárkróki á næsta hausti, og felur oddvita sínum að fá kaupm. Chr. Popp til að annast innkaupin á þeim. Af ljóskerunum eiga 5 að vera álnuljósker en eitt á járnstólpa 5 ál. háum.

2. Bréf frá formanni heilbrigðisnefndar Sauðárkrók, dags. 8. þ.m., sem gjörir nokkrar athugasemdir við vatnsból staðarins o.fl.
Í tilefni af þessu, samþykkir hreppsnefndin:
1 – að hlaða og sementa rennu fyrir suðurlindina eða hleypa henni niður ef það álízt heppilegra, af verkfróðum mönnum, sem nefndin felur oddvita sínum að ráðgast við um mál þetta.

2. að festa og mæla í kringum vatnspípur norðurlindar.
3. að byggja salerni við hús það, er Halfdán Kristjánsson býr í og hreppurinn á.
3. Nefndin samþykkir reikning frá Sigurjóni Jóhannssyni, Firmastungu uppá 4 kr. fyrir flutning á dóti Margrétar Jónsdóttur frá Höllustöðum til Sauðárkróks.
4 Nefndin samþykkir reikning Sigurfinns Bjarnasonar á Meyjarlandi dags. 13. þ. m. að því er snertir meðgjöf með Hafliða Grímarssyni að upphæð 73 kr. 50 aura.
5. Þar sem með öllu er óhjákvæmilegt að smíði brúarinnar á Gönguskarðsá verði lokið fyrir messa nýjár, felur nefndin oddvita sínum að framkvæma allt sem til þess þarf að brúin verði, innan nefndrar tíma albúin, ~~ og~~ og þessvegna meðal annars tafarlaust að ~~auglýsa~~ áskorunum gefa ~~út~~ tilboð um smíði á henni, með sem styttstum fyrirvara. Skulu síðan hin væntanlegu tilboð lögð undir álit og umsögn nefndarinnar.

d. u. s.

Jónas Sveinsson Þ. Guðmundsson Árni Björnsson

Hinn 24. okt. 1903 var á Sauðárkróki settur og haldinn hreppsnefndarfundur af oddvita Jónasi Sveinssyni, voru auk hans mættir þeir nefndarmenninir: varaoddviti Pétur Pjetursson, gjaldkeri Þór Guðmundsson og séra Árni Björnsson. Var því að eins einn hreppsnefndarmaðurinn, Þorsteinn Sigurðsson fjarverandi, en engi forföll hafði hann boðað.

Oddviti lýsti yfir, að aðalstarf fundar þessa væri, að jafna niður útsvörum en því starfi til undirbúnings yrði ýmislegt að gjöra.

Var þá til starfa tekið, og þá
1.º Gjörðu viðstaddir hreppsnefndarmenn upp reikning fyrir hreppsins hönd við oddvita Jónas Sveinsson, og samfærðust við rannsókn á því að allar kröfur og útborganir oddvitans fyrir hreppinn eru réttar. Nær þessi þannig uppgjörði og samþykkti reikningur yfir reikningsviðskipti oddvita við hreppinn fram í fardaga síðastliðna.
2. Oddvitinn skýrði frá, að hann hefði samkvæmt samþykkt hreppsnefndarinnar útvegað fyrir hreppinn 6 kistur, til uppkjöringar á Sauðárkróki

og voru þau nú, fyrir forgöngu Pétursi Sighvats-
sonar, sett upp og albúnar til afnota. = Sýslu-
maður hafði tekið að sér útvegun á ljóskerunum,
fyrir hönd kaupm. Chr. Popps, er nefndin hafði falið
innkaupin (sbr. fundargjörð 17. júlí þ.á). Ljóskerin
eru 6 að tölu, öll standandi á trjástólpum, og
þannig niðursett:

1 framundan kirkjunni
1 — — gestgjafshúsi Dýrfinnu Jónasd.
1 — — húsi Jóns Guðmundssonar
1 — — Kaupfélagshúsi
1 — Popps húsi
1 — Gránufélagsverzlunarhúsum

Allur kostnaður við fyrirtæki þetta er:
Nefndin kynnti sér innkaupsreikninga að
ljóskerunum og aðra kostnaðarreikninga.
Jafnvel þó sú breyting hafi gjörð verið á samþykkt
nefndarinnar, 17. júlí þ.á., að ljóskerin eru á trjástólp-
um í stað járnálma og einn járnstólpa, finnur
nefndin enga ástæðu til að finna að því. En
hinsvegar virðist hreppsnefndinni óheyrilega
hátt verð á ljóskerum, glösum og fl. hjá hr. Petri
Jónssyni, blikksmið í R.vík, og felur oddvita
sínum að hlutast til um, að sanngjörn
niðurfærsla fáist á innkaupsreikn-
ingi þessum.

Hallgrímur Þorsteinsson, organisti, sem mættur
er á fundinum, er ráðinn til að kveikja á ljóskerun-
um og gæta þeirra í vetur, og skal hann fá fyrir
það 20 krónur sem kaup; slökkva skal hann
á ljóskerunum kl. 10½ á hverju kvöldi, sem í þeim er
kveikt. — —
Nefndin felur oddvita sínum að fara fram á það
við sýslunefndina, að ½ kostnaðar við lýsingu á
götum Sauðárkróks borgist í ár og framvegis úr
sýslusjóði; ~~[illegible]~~
Fleira varð eigi fyrirtekið, og var fundin-
um frestað til næsta dags.
Hina næstu daga 25., 26. og 27. októbermánaðar
hélt fundurinn áfram starfi sínu.
Tíundir gjaldenda voru útreiknaðar,
og endurskoðun fór fram á ýmissri úttekt
þurfamanna hreppsins hjá gjaldkera. —
Nefndin samþykkti að veita barna-
skólanum 300 króna styrk.
Var síðan nákvæmlega íhugað
hverjar væntanlegar þarfir hreppsins
væru. Það kom í ljós, að þarfir hrepps-
ins eru mjög svipaðar því, sem voru þau
síðastliðið ár, og var því samþykktur
sami meðalkvarði til álagningar, sem sé 3 kr.
á hvert lausafjárhundrað. Samþykkti nefndin síðan svolátandi:

# Áætlun

## um tekjur og gjöld Sauðárhrepps. 1906–1907

| Tekjur | Kr | a | Gjöld | | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Sundarútsvör | 130 | 00 | 1. Afborgun og rentur af skuld. hreppsins | | 178 | 00 |
| 2. Afborgun af Hafliðabréfi | 77 | 00 | 2. Refaveiðar | | 80 | 00 |
| 3. — „ — Jónsbr. | 34 | 00 | 3. Barnaskólastyrkur — | | 400 | 00 |
| 4. Húsaleiga af Gránuhúsi | 25 | 00 | 4. Til þurfamanna: | | | |
| 5. Rentur frá Sauðárkróksk. | 16 | 00 | a. Jóns Sigurðssonar | 160.00 | | |
| 6 Frá Skefilsstaðahreppi | | | b. Ingigerðar Gestsdóttur | 80.00 | | |
| uppí brúarkostnað | 50 | 00 | c. Hólmfr. Guðmundsd. | 100.00 | | |
| | | | d. Hafliði Gunnarsson | 500.00 | | |
| | | | e Margrétar Jónsd. | 100.00 | | |
| | | | f. Hálfdáns Kristjánssonar | 200.00 | | |
| | | | g. Barna Páls Kristjánss. | 110.00 | | |
| | | | h. Jóhanns Jónssonar | 60.00 | | |
| | | | i. Guðnýjar Gísladóttur | 60.00 | | |
| | | | j. Guðm. Guðmundss. | 45.00 | | |
| | | | k. Læknishjálp til þurfamanna | 100.00 | | |
| | | | l. Þurfamannaflutningur | 50.00 | | |
| | | | m. Þurfamenn annara hreppa | 100.00 | 1665 | 00 |
| | | | 5. Sveitarstjórnarkostnaður | | 300 | 00 |
| | | | 6. Til Gönguskarðsárbrúar | | 550 | 00 |
| 7. Til niðurjöfnunar | | | 7. Sýslusjóðsgjöld | | 556 | 00 |
| | | | 8. Til Gjaldkera | | 200 | 00 |
| | 4097 | 00 | 9. Óviss útgjöld | | 500 | 00 |
| Kr | 4429 | 00 | Kr. | | 4429 | 00 |

Af áætlun þessari sézt, að þarfir hreppsins hafa hækkað nokkuð frá í fyrra, — en hinsvegar hefur gjaldendum fækkað. Leiðir af þessu að útsvör hljóta að hækka, en þó einkum á þeim gjaldstofnum, sem hafa í ár aukið gjaldþol, sakir hás verðlags á söluvarningi innlendum, bæði hér innanlands og á erlendum markaði.

Eins og fyrri hefur nefndin þá sannfæringu að engi gjaldstofn hafi jafn áreiðanl. gjaldþol eins og vörnsala, ávallt, og þó eigi sízt í slíku góðæri sem nú er í verzlunarbygð tilliti. = Það er og skoðun hreppsnefndarinnar, að því hærri og meiri sem vörnsalan er, því meira vexti taki hinn virkilegi verzlunararður. – Ekkert af þessu virðast reglur sýslunefndar fyrir álagningu sveitarútsvara taka nægilega til greina, – og getur nefndin því eigi talið sér rétt að fylgja þeim reglum, sem þar er til bent, en samþykkir sér sjálfri til leiðbeiningar svofelldar reglur fyrir álagningu á vörnsölu.

Á hvert 1000 kr. í fyrstu 10000 kr. í vörnsölu leggist jafnt sem á 1⅓ lfjhdr.
— „ — 1000 — öðrum 10000 — „ — „ — 1⅔ — „ —
— „ — 1000 — þriðju 10000 — „ — „ — 2 —
— „ — 1000 — fjórðu 10000 — „ — „ — 2/3 —
— „ — 1000 — fimmtu 10000 — „ — „ — 5tu 2⅔

og þannig áfram á hvert 1000 í vörnsölu sem 2⅓ lausafjárhundrað allt uppað 100000 kr. vörnsölu, en eptir á hvert 1000 kr. vörnsölu

sem framyfir er 10000 kr. vorusölu leggist jafnt sem á 3 lausafjárhundruð. —

Síðan fór fram niðurjöfnun útsvaranna, og var að því starfi setið unz því var lokið seint að degi hins 27 okt.

3. Að þartil gefnu tilefni samþykkir hreppsnefndin að hreppurinn skuli eiga kontrabók, er notist við hverja þá verzlun, sem hreppurinn hefur fasta viðskipti við. Samuleiðis skal hver einstakur þurfalingur, sem ýmissra úttekta þarf úr verzlun hafa viðskipta-eða kontrabækur. Allar þessar kontrabækur skulu geymdar hjá gjaldkera hreppsins

4. Oddviti lýsti yfir, að hann í samráði við nefndarmenn hefði í sumar tekið uppá hreppinn lán að upphæð 560 krónur, því annarsvegar hefði þarfir hreppsins heimtað lántöku, og hinsvegar hefði tækifæri boðist til að fá lán með sérlega góðum skilmálum, 3% rentu, þar sem Pálmi Pétursson hefði borgað ræktunarsjóðs skuld þá, er hreppurinn stóð í ábyrgð fyrir. Lántakan felst þá í því, að hreppurinn hefur að öllu tekið að sér skuld hr. Pálma Péturssonar við Ræktunarsjóðinn, ~~svo hann~~ þar hann hefur að fullu borgað hreppnum hana í peningum.

Með sérstakri skýrsluskoðun til fundargjörðar nefndarinnar frá 24. okt. þ. á (Staf. b.) samþykkir nefndin þessa ráðstöfun og lántöku oddvita fyrir hreppinn.

Var svo fundinum frestað, um leið og oddviti boðaði til fundar næsta mánudag.

Hinn 30. okt. hélt fundinum enn áfram. Var þá á fundi mættur auk hinna upphaflegu nefndu fjögurra nefndarmanna, hinn fyrverandi oddviti Benedikt Pálsson, til þess að gefa ýmsar upplýsingar viðvíkjandi fyrri reikningum hreppsins —

5. Fram var lögð umsókn frá Þorbergi Sigurðssyni og Guðmundi Þorleifssyni um styrk úr ~~styrktar~~sjóði alþýðufólks. — Til útbýtingar úr sjóði þessum í ár liggja fyrir 34 kr. 60 aura.

Nefndin samþykkir að veita úr alþýðustyrktarsjóðnum

| | | |
|---|---|---|
| Þorbergi Sigurðssyni, | Sauðárkrók | 14.60 |
| Guðm. Þorleifssyni | Heiðarseli | 20.00 |

6. Þá var framlagður reikningur Styrktarsjóðs Sauðárhrepps.

Nefndin samþykkir að veita styrk til Guðmundar í Heiðarseli úr sjóði þessum, 52 krónur, er verjist til að borga lánskuld styrkþega við sjóðinn.

Nefndin samþykkir að skuld Jóns Sigurðssonar við sjóðinn, 113 kr., færist yfir á son hans Bjarnleif, og haldist vexti óbreytt. — Bjarnleifi veitist styrkur úr sjóðnum 4 kr. 50 aura, sem verjist til rentuborgunar af nefndu láni.

7. Að þar til gefnu tilefni samþykkir
nefndin að styrkurinn til barnaskólans
í ár skuli vera 400 krónur, - svo framar-
lega sem þörf krefji, að kennslukraptarnir
verði auknir við fram yfir það sem var síðast-
liðið skólaár, ella 300 krónur
8. Fram var lagt á fundinum umsókn um
húsetu frá Magnúsi S. Jónssyni frá Torfustöð-
um.
Nefndin neitar manni þessum um byggðarleyfi.
9. Brúarmál. Oddviti lagði fram umsókn um
smíði á brúnni á Gönguskarðsá, um leið og hann
lýsti yfir, að stöplar væri hlaðnir og efniviðir
fluttir að brúarstaðnum. Tilboðin voru frá —
1. Steindóri Jónssyni og Halldóri Þorleifssyni og
2 Hinriki Árnasyni og Sölva Jónssyni. —
Nefndin samþykkir að halda sig að tilboði
þeirra Steindórs og Halldórs, og felur oddvita sín-
(í samráði við sýslumann) um að gjöra skriflegan samning við þá
um brúarsmíðið, á þeim grundvelli, sem
fram er tekið í tilboði þeirra, að því er smíða-
laun snertir, og með því höfuðskilyrði, að
þeir hafi lokið brúarsmíðinni og skilað
brúnni í hendur hreppsnefndinni, að fullu
smíðaðri í samræmi við væntanlegan verk-
samning, fyrir 31. maí næstkomandi.

10. Nefndin felur oddvita sínum, að kæra
þessa eptirtöldu menn fyrir óleyfilega dvöl í hreppnum:
Teodór Friðriksson, Tjörn
Guðmundur Sigurðsson, Sandárkróki
Eyjólfur Gíslason
Magnús Jónsson
Jóhannes Jóhannesson, Hjaltastað ——
11. Sömuleiðis felur nefndin oddvita sínum
að heimta sýslumannsúrskurð, er skyldi þá
bræður Guðmund og Sigurð, syni Guðmundar
Guðmundssonar á Sjávarborg, til að gefa
með föður sínum.
12. Auglýsa skal að niðurjöfnunarskrá hrepps-
ins liggi frammi til sýnis hjá oddvita
13. Oddviti Jónas Sveinsson var kosinn til
að eiga sæti í skattanefnd hreppsins.
14. Til þess að semja verðlagsskrá ásamt hrepp-
stjóra og presti kýs hreppsnefndin Pétur
Sighvatsson; sömuleiðis til að endurskoða hreppsreikningana.
15. Pétur Sighvatsson tekur að sér að gæta bæjar-
klukkunnar næsta ár fyrir 3 kr. 50 aura
þóknun.
Var síðan fundinum slitið.

Jónas Sveinsson    Árni Björnsson
Pjetur Sighvatsson    Guðmundur [illegible]

Hreppsnefndarfundur var haldinn hinn 23. nóv. 1905; og lýsti oddviti því yfir að aðaltilgangur fundarins væri að taka til meðferðar útsvarskærur frá þessum gjaldendum hreppsins:

1. Péturs Péturssonar, Sauðárkróki
2. Snorra Jóhannssonar, Merkigili.
3. Benedikts Þorsteinssonar, Kimbastöðum
4. Verzlunar V. Claessens, Sauðárkrók
5. og Fröken Hansen, Sauðárkrók

Nefndarmenn allir mættir, nema Þorsteinn Sigurðsson

Útsvarskærurnar voru teknar fyrir í þessari röð:

1. Útsvarskæra

Péturs Péturssonar, sem sjálfur mætti á fundinum. Hann ber sig saman við frú Sigríði Thorlacius og hr. Kristján Blöndal og gjörir það að aðalkröfu sinni: að útsvar hans sjálfs sé lækkað um 15 krónur, en útsvar frú Sigríðar Thorlacíusar lækkað um 10 kr, og útsvar Kristjáns Blöndals hækkað um 5 krónur.

Byggir hann aðalkröfu sína á því að hann hafi 300 kr. lægri atvinnutekjur en hreppsnefndin muni hafa ætlað, eða 1200 kr., í stað 1500 krónur. —

Nefndin finnur ekki ástæðu til að efast um, að kærandinn segi rétt til um tekjur sínar; en hinsvegar upplýsist það fyrir nefndinni af orðum og játning kæranda, að hann á hátt á 2að þúsund krónur eign á sjóði, og er að öðru leyti, einsog nefndinni áður var kunnugt, einhleypur efnismaður. Finnur því nefndin að öllu athuguðu eigi ástæðu nega til að lækka útsvar þessa gjaldanda.

Aptur á móti viðurkennir nefndin, að það muni rétt fram tekið hjá kæranda að helst til lítill munur muni ógjörður útsvari hans og herr. verzlunarstjóra Kr. Blöndals, — sem þó hann að vísu sé að ýmsu lakar staddur en útsvarskærandinn að heilsufari og efnahag, hefur viðurkenndar 1800 krónur í laun; er því álit nefndarinnar í þessu málsatriði, að réttlátt sé, að eptir nákvæmum samanburði að útsvar hins nefnda samanburðarmanns hækki eptir kröfu kærandans.

Úrskurðast því:

1. Útsvar Péturs Péturssonar skal óbreytt standa.
2. Útsvar Kristjáns Blöndals skal hækka um 5 kr., eða úr 50 kr. uppí 55 kr.

## 2. Útsvarskæra

Snorra Jóhannssonar, er sjálfur var mættur á fundinum, og fór þess á leit við nefndina, að hún vildi skila sér aptur útsvarskæru sinni þar hann væri frá henni fallinn.

Hreppsnefndin sér eigi ástæðu til annars en að verða við þessari beiðni kærandans, og er þar með máli því lokið.

## 3. Útsvarskæra

V. Claessens verzlunar.

Fyrir hönd verzlunarinnar var mættur verzlunarstjóri Kr. Blöndal, og upplýsti hann með rökum, að hreppsnefndin hefði haft fyrir sér við útsvarsálagninguna of hátt mat á húseignum verzlunarinnar um 4000 kr.

Nefndin telur sjálfsagt að taka þessa rökstuddu leiðréttingu til greina, og að lækka útsvarið fyrir því, er annars var lagt á nefndar 4000 krónur.

Úrskurðast því:

Útsvar V. Claessens verzlunar skal lækka um 15 krónur, eða úr 135 kr. niður í 120 krónur

## 4. Útsvarskæra

Fröken Hansen, kennslukonu á Sauðárkrók, sem neitar að greiða útsvar, þar hún sé svo skamma stund búin að dvelja í hreppnum.

Hreppsnefndin telur, eptir atvikum, réttast að falla frá kröfu sinni um útsvar frá gjaldanda þessum.

Úrskurðast því:

Útsvar fröken Hansens skal niður falla.

## 5. Útsvarskæra

Benedikts Þorsteinssonar á Kimbastöðum, er fer fram á útsvarslækkun um 5 kr. en krefst hækkunar á útsvari

Björns hreppstjóra Jónssonar um 10 kr.
Sölva Guðmundssonar — 5 —
Jakobs Brynjólfssonar — 3 —
og Bjargar Bjarnadóttur — 4 —

Kærandinn sjálfur var eigi mættur, en af samanburðarmönnum mættu á fundinum: Björn Jónsson og Sölvi Guðmundsson, er báðir fengu orðið til að skýra hag sinn í samanburði við kæranda.

Báðir þessir gjaldendur lýstu því yfir hvor í sínu lagi, að þeir álitu fram

tal og lausafjártíund útsvarskærandans mjög tortryggilega og grunvekjandi.

Að framkominni þessari álits-yfirlýsingu samanburðarmannanna, álítur nefndin réttara, að gefa útsvarskærandanum tækifæri til að skýra nokkuð gjörr frá efnahag sínum og ástæðum, og samþykkir því, að fresta fundinum og kalla kærandann á ný fyrir sig síðar.

Fundinum frestað.

d. u. s.

Hinn 1. des. 1905 var fundinum framhaldið. Mættir á fundinum af hreppsnefndinni: oddviti, varaoddviti og gjaldkeri; auk þeirra var og mættur útsvarskærandinn Benedikt Þorsteinsson á Hjimbarstöðum; hann hélt fast við kröfur sínar og lýsti því yfir, að, ef að Björn hreppstjóri Jónsson rengdi sig um tíund sína, þá þyrði hann vel að mæta honum í því stríði, og væri þá best að hver teldi hjá öðrum.

Þá mætti á fundinum hreppsnefndarmaðurinn séra Árni Björnsson.

Í tilefni af því, að hreppsnefndinni virtist af orðum og yfirlýsingum hlutaðeigenda, að fram hafi komið fyrir hana aðdróttun um rangt framtal og tíund gjaldenda þeirra, er hlut eiga að máli, – þá felur hreppsnefndin oddvita sínum að grennslast eftir hvort hreppsnefndinni beri nokkur skylda til að ~~(leggja)~~ ~~kæra~~ hlutast til um að rannsókn verði hafin um framtal þessara gjaldenda, – ef hreppstjóri sjálfur eigi heimtar slíka rannsókn.

Að öðru leyti finnur nefndin enga ástæðu til að breyta gjörðum sínum að því er snertir útsvar kærandans, og

Úrskurðast því:

Útsvar Benedikts Þorsteinssonar skal óbreytt standa.

---

Að þessu búnu voru þessi mál fyrir tekin og útkljáð:

1. Lagt var fram bréf frá sýslumanni P. V. Bjarnasyni, dags. 29. f. m., þar sem hann biður fyrir hreppsnefndinni, að framkoma nokkrar ákvarðanir, sem heilbrigðisnefndin hefur tekið og nokkurt fé þarf fram til að leggja.

Jafnframt lýsir sýslumaður því yfir

að hreppsnefndarmaðurinn Þorsteinn Sigurðsson ~~se sekur gjör~~ hafi aldrei mætt á heilbrigðisnefndarfundum, og óski nefndin því, að hreppsnefndin kjósi annan mann úr sínum flokki til nefndastarfa.

Í tilefni af þessu kýs hreppsnefndin Pétur Sighvatsson til að eiga sæti í heilbrigðisnefndinni, og feliz honum um leið framkvæmd á því, er heilbrigðisnefndin kann að krefja með rökum réttum.

2. Oddviti lýsti yfir, að Sigurlaug Jónsdóttir á Sauðárkrók, sem á Holtshrepp hinn forna, hefði leitað hreppsstyrk, — og væri henni styrkur sá veittur, eptir gjörða aðsjón á lögleg an hátt; væri og sýslumanni þegar tilkynnt þetta til frekari birtingar hlutaðeigandi framfærsluhreppi.

3. Oddviti lýsti enn ~~þess~~ fremur yfir, að Jónas Sigurðsson í Glæsibæ hefði með kæru, dags. 27. þ.m., kært hreppsnefndina fyrir ólöglega sölu og meðferð á óskilakind einni síðastliðið haust; hefði svo sýslumaður krafist umsagnar sinnar um málið, með bréfi dags. 28. þ.m., en hann (ɔ: oddvitinn) síðan svarað kærunni, hinn 29. þ.m., — og um leið áskilið hreppsnefndinni rétt til málsóknar á hendur nefndum Jónasi Sigurðssyni fyrir rangan sakaráburð á hreppsnefndina.

Eptir að nefndin hafði kynnt sér alla málavöxtu í máli þessu, samþykkti hún að álla [órðrétt?] gjörðir oddvitans í því.

Fleiri mál lágu eigi fyrir, og var því:

fundi slitið

d. u. s.

Pjetur Sighvatsson. Árni Björnsson.

Jónas Sveinsson

Laugardag, hinn 24. desbr. 1906 hélt hrepps-nefndin fund með sér, og nefndarmenn mættir allir nema Þorsteinn Sigurðsson.

Tilefni fundarins var bréf frá Kr. Gíslasyni kaupm. á Sauðárkrók, dags. 24. þ. m., sem fer fram á að hún taki handa honum lán úr Ræktunarsjóði Íslands, að upphæð 800 kr., og býður hann til tryggingar láni þessu tún á mölunum fyrir ofan Sauðárkrók, er hann sé að rækta og muni kosta 1600 kr uppkomið.

Í tilefni af bréfi þessu gefur hreppsnefndin svolátandi svar:

Hreppsnefndin er því fyllilega sinnandi að útvega hið umbeðna lán, en þar sem veð það, sem fram er boðið er, að hennar áliti, eigi fulltryggjandi; gjörir hún að skilyrði fyrir sinum afskiptum af lántökunni, að lánþegi gefi hreppsnefndinni tryggingu í húseign, metinni minnst á 2400 kr. eða eign ~~fasteign~~, ~~húsi~~ eða jörð, ~~sem~~ met-inni minnst ~~1600~~ 2600 krónur, ~~minnst~~ ~~og sé trygging sú með fyrsta veðrétti~~. hvorttveggja með fyrsta veðrétti.

Hreppsnefndin samþykkir að sækja um styrk til Gjaldkerans á Sauðárkrók til sýslunefndar.

Friðrik bóndi á Reykjum sækir um að hreppsnefndin kaupi fyrir sig 100 ☐ af gaddavír.

Framlagður úrskurður sýslumannsins um að nefndin greiði vegna Chr. Hansens, ~~Sauð~~ ~~meðgjöf~~ bóndasonar á Sauðá, meðgjöf með óskilgetnu barni hans, til barnsmóður hans Guðrúnar Friðriksdóttur á Veðramóti, að upphæð 55 kr. þar af nú þegar 27,50, en 22,50 fyrir 4. júlí

Nefndin samþykkir að sjálfsögðu þessa útborgun.

Fundi slitið

Jónas Sveinsson

Hinn 1. marz 1906 hélt hreppsnefndin fund
Mættir allir nefndarmenn nema Þorsteinn
Sigurðsson

Oddviti lýsti yfir að tilefni fund-
arins væri að ganga í ábyrgð fyrir Run-
ólf Jónsson fyrir þurrabúðarmanna
láni.

Hreppsnefndin samþykkir, að
takast á hendur ábyrgð fyrir þurrabúðar-
mannaláni, að upphæð 400 krónur, sem
Runólfur Jónsson ætlar að taka, með því
skilyrði, - að Runólfur verji peningum
þeim, er hann þannig fær að láni, til að
borga hreppsnefndinni að fullu það er
eptir stendur af andvirði bæjar þess,
er hreppsnefndin hefur honum selt,
og að hreppsnefndin fái áfram að
halda ~~be~~ húseign Runólfs að veði ~~fyrir~~
með fyrsta veðrétti, til tryggingar því
að hreppsnefndin líði engan skaða
við ábyrgð þá, er hún þannig nú tekst
á hendur fyrir nefndan Runólf.

Þessa ~~m~~ ályktun felur nefndin odd-
vita sínum að tilkynna oddvita sýslu-
nefndarinnar.

Hreppsnefndin samþykkir, að sækja
um leyfi til sýslunefndar til að
taka lán til barnaskólabyggingar,
á næsta ári, ef á slíku láni þarf
þá að halda. Ennfremur sótti hrepps-
nefndin um leyfi til þess að mega hafa
sérstakt brennimark þannig S. Kr̄k. - fyrir
Sauðárkrók og þykir ~~þarflegt~~ ~~[illegible]~~ hreppsbrennimarkið
S. 10 — Fundi slitið

Jónas Sveinsson

Hinn 22. marz 1906 var haldinn hrepps-
nefndarfundur. Mættir á fundinum nefndar-
menn allir nema Pétur Sighvatsson og
Þorsteinn Sigurðsson.

Fram var lögð beiðni um leyfi til búsetu
á Sauðárkrók frá Magnúsi Árnasyni
Þessari beiðni svarar hreppsnefndin þannig
„þareð Magnús Árnason hefur dvalið hér
„í hreppi óákærður í nálega 9 ár undanfarin
„samfleytt, án sérstaks búsetuleyfis, virðist
„ekki viðeigandi nú fyrst að fara að út-
„gefa sérstakt búsetuleyfi honum til handa,
„ ~~[illegible]~~ enda að öllu athuguðu óþarft.

Fundi slitið

J. Sveinsson

Hinn 24. apríl 1906, var fundur haldinn. Nefndarmenn voru allir mættir, nema Þorsteinn Sigurðsson.
Oddviti lýsti yfir, að tilefni fundarins væri það, að skoðunarmenn hreppsins, innan Gönguskarðsár, hefðu í gær tilkynnt hreppsnefndinni, að sauðfé Magnúsar Benediktssonar væri mjög holdlítið, og full þörf á, að grípa til góðra ráða, ef vel ætti að fara.
Í tilefni af þessu samþykkir nefndin, að útvega Magnúsi Benediktssyni fóður handa fénaði hans, eptir þörfum og getu, og felur Pétri Sighvatssyni að tilkynna Magnúsi þetta, og aðstoða hann í þessu efni, eptir mætti.

Fundi slitið

Jónas Sveinsson

Hinn 1. maí 1906 var settur og haldinn almennur hreppsfundur fyrir Sauðárhrepp, í samkomusal Dyrfinnu gestgjafa Jónasdóttur á Sauðárkróki, eptir að til hans hafði verið löglega boðað.
Fundurinn kaus Jónas oddvita Sveinsson fyrir fundarstjóra, og séra Árna Björnsson fyrir fundarskrifara.
Tók þá fundurinn til starfa á þessa leið: —
1. Barnaskólahúsbygging
~~Fund~~ Eptir langar umræður um mál þetta, var með miklum meiri hluta atkvæða samþykkt svolátandi fundarályktun:
1. Fundurinn samþykkir, að taka allt að 5000 króna lán úr einhverjum opinberum sjóði til skólahúsbyggingar á Sauðárkróki, upp á ábyrgð hreppsfélagsins, og felur hreppsnefndinni að annast lántöku þessa. —
2. Fundurinn samþykkir, að hyggt ~~verði~~ skuli verða nægilega stórt, vandað og tímanum samsvarandi barnaskólahús á hentugum stað á Sauðárkróki og skal það verða að fullu búið til

nottkunar í síðasta lagi fyrir miðjan september 1907.

3. Alla framkvæmd lútandi að skólahúsbyggingu þessari felur fundurinn fyrir hreppsfélagsins hönd hinni nústarfandi barnaskólanefnd Sauðárhrepps í samráði við hreppsnefndina.

2. Kaup á Skálahnjúk til afrjettarlands.

Fundurinn samþykkir í fjelagi við Rípur- Seilu- og Staðarhrepp að kaupa eyðijörðina Skálahnjúk til afrjettar-afnota, fyrir sanngjarnlegt verð, og felur oddvita sínum, að finna eiganda jarðarinnar og semja við hann um fastákveðið verð hennar nú þegar. –

3. Fátækramál.

Tilrætt varð um ómagann Hafliða Gunnarsson, sem um tíma hefur verið niður settur í Kálfardal, og en nú er í dag þaðan fluttur. Var á fundinum leitað tilboða um, að taka ómaga þenna, en ekkert tilboð fjekkst. Áleit fundurinn heppilegast, að reyna að koma honum fyrir nokkra daga á bæ hverjum, þar sem mögulegt reynist að taka hann, – og svo að koma honum fyrir í Málmey ~~það~~

yfir sumartímann. Að öðru leyti felur fundurinn hreppsnefndinni að ráða fram úr máli þessu.

4. Fjósker á Sauðárkrók.

Nokkrar umræður fóru fram um fjóskerin á Sauðárkrók, en eigi var nein samþykkt tekin í máli þessu.

5. Gönguskarðsárbrú.

Fundurinn lýsir því yfir, að hann ekki álítur fært að taka upp á hreppinn neinar byrðar til þess að ~~(leggja)~~ gjöra við enda Gönguskarðsárbrúarinnar og veg frá henni, þar sem verk þetta er hlutverk sýslunefndar.

— —

Þess skal getið að á öndverðum fundinum kom fram og var framlögð ósk frá flestöllum bændum hreppsins utan Sauðárkróks um að hreppnum yrði skipt, og fór Flóvent bóndi Jóhannsson á Sjávarborg ~~fram~~ á það, að mál þetta yrði nú fyrirtekið á fundi þessum. Með meiri hluta atkvæða var samþykkt, að mál þetta yrði ei fyrirtekið á fundi þessum, þar sem nógan undirbúning þess hlyti að allu leyti að vanta nú.

Fleiri mál voru eigi fyrirtekin, og var því fundi slitið.

Jónas Sveins, Árni Bjórnsson

Hinn 6. júní 1906. var hreppsnefndarfund-
ur haldinn á Sauðárkrók, og voru á honum mættir nefnd-
armenn, nema Jón Guðmundsson, er var á ferð, og
Þorsteinn Sigurðsson, er neitaði að koma á fundinn.

Oddviti lagði fram bréf frá Helgu Steins-
dóttur, hér á staðnum, þar sem hún kvartar um að vatn
hafi runnið til skemmda inní kjallara sinn úr
vatnssvelg einum, er hreppsnefnd hefur látið
grafa í því skyni að veita gegnum hann í
jörð niður vatnslind hinni syðri, og skor-
ar nefnd Helga á hreppsnefndina, að láta
fylla aftur upp svelginn, um leið og hún
krefst skaðabóta fyrir áorðnar skemmdir.

Í tilefni af því, að það þykir fullreynt, að ómögulegt
er að koma lindinni niður með þeirri aðferð að grafa
fyrir hana gryfju eða svelg, svo sem skólastjóri
Sigurður Sigurðsson á Hólum réð hreppsnefndinni
til, og reynt hefur verið án eskilegs árangurs,
og þar sem hreppsnefndin sér að hætta fyrir um-
remmdi í nálæga kjallara hlýtur að stafa af
þannig lagaðri niðurhleypingu lindarinnar,
þá samþykkir nefndin, að láta nú
þegar fylla upp hinn gjörða svelg, –
Hinsvegar finnur hreppsnefndin sér ekki
skylt né heimilt, að verða við skaðabóta-
kröfunni þeirri, sem Helga Steinsdóttir

ber fram á fyrir skemmdir þær, sem hún telur
sig hafa orðið fyrir af völdum þeirra tilrauna
s em gjörðar hafa verið til að hleypa lind-
inni niður.

Að öðru leyti samþykkir nefndin, að láta nú þegar
hreinsa lindina og laga farveg hennar svo sem
brýn nauðsyn krefur í bráð, – en á annan stað
að vinda sem bráðasta bug að því, að fá lind-
ina leidda í nægilega víðri járnpípu til
sævar, þannig útbúinni, að á hana megi
á sínum tíma festa vatnsleiðslurör inn
í nærliggjandi hús.

Oddviti lýsti yfir að hann hefði í gær selt við upp-
boð afganga nokkra af við ~~frá~~ Gönguskarðsárbrú.
Nefndin samþykkir að selja Halldóri Þorleifs-
syni klénsmið járnvöru þá, sem afgengur
við nefnda brú, sanngjörnu verði.

Fundi slitið

Jónas Sveinsson

Hinn 11. júní 1906 var hreppsnefndarfundur haldinn á Sauðárkrók. Voru allir nefndarmenn mættir nema Þorsteinn Sigurðsson.

Á fundinum var og mættur, herra ingeniör Forberg, forstöðumaður símalagningarinnar, og bar fram það erindi við hreppsnefndina, að hún leggði fram styrk nokkurn til talsímastöðvar á Sauðárkrók, samkvæmt því er til var ætlast í gildandi fjárlögum frá síðasta alþingi, þar sem ella yrði nú þegar hætt við að ~~leg~~ setja hér stöð og alls eigi gjört fyr en fullvissa fengist fyrir slíkri fjárveitingu frá sveitarfélaginu.

Hreppsnefndin samþykkir, að veita úr sveitarsjóði 60 kr. árlega í næstu 5 ár til talsímastöðvar á Sauðárkróki.

Hreppsnefndin samþykkir ~~af~~ fyrir sitt leyti, að hr. Pétur Sighvatsson, úrsmiður á Sauðárkróki ~~se~~ verði ráðinn umsjónarmaður talsímastöðvarinnar hér.

Oddviti óskar þess getið, að hann fyrir sitt leyti vilji einungis leggja fram úr sveitarsjóði 30 krónur móti jöfnu framlagi úr sýslusjóði, þar sem talsímastöðin hér myndi verða notuð af sýslubúum í heild sinni.

Var eigi fleira fyrirtekið á fundi þessum.

Fundi slitið.

J. d. u. s.

Jónas Sveinsson

Árni Björnsson. Guðmundur [illegible] Pjetur Sighvatsson.

Hinn sama dag, 11. júní, að aptni, hélt hreppsnefndin aptur fund, og voru mættir hinir sömu nefndarmenn sem á síðasta fundi.

Er það tilefni fundar þessa, að Þorf. krefur, að taka nánar ákvæði hvað gjöra skuli við lindina hina syðri. Samkvæmt ítrekaðri áskorun heilbrigðisnefndar hreppsins, ~~og~~ um að leiða lindina til sjávar í lokræsi, og að framkominni áskorun frá Græðrarstöðvarnefnd um að ná lindinni burtu úr Græðrarstöðinni, þar sem hún nú rennur til talsverðra óþæginda, og fengnu leyfi Helgu Steinsdóttur til að leiða lindina niður að sæ nordan við

hús hennar, sunnan Gróðrarstöðvarinnar, gegn fullri trygg-
ingu þess, að vatn frá lindinni eigi renni inn í kjallara
hennar. Þá ~~samþykkir~~ sér hreppsnefndin eigi fært
að ganga fram hjá áskorunum þessum, enda veit sér
skylt að lögum að verða við kröfum heilbrigðisnefndar.

Hinsvegar vill hreppsnefndin kosta kapps um
að verk þetta verði framkvæmt á svo kostnaðarlítinn
hátt sem auðið er, svo öllum sanngjörnum og réttum
kröfum sé fullnægt. Hefir Gróðrarstöðvarnefnd lofað 25 kr. til verks þessa.

Í samræmi við þetta gjörir því nefnd-
in svolátandi fullnaðarsamþykkt í
máli þessu:

1. Lokræsi skal gjöra frá lindinni
ofan frá og niður á móts við Sjóbúð
Þorsteins Jónssonar, þar sem ~~tim~~ vatnið
væntanlega getur runnið niður í mól.
Í lokræsinu skal vatnið renna í leir-
pípum, 4 þuml. víðum, ofan frá og nið-
ur fyrir hús Helgu Steinsdóttur, um 4–6 ál.
og síðan alla leið niður í venjulegu
grjótlokræsi. Þessu skal verða
í framkvæmd komið fyr en frost
koma á næsta hausti.

2. Til bráðabyrgðar skal, þangað til
verk þetta er framkvæmt, veita lind-
inni í smánum skurði ofanjarðar
um farveg þann hinn sama, sem hún, eptir sam-
þykkt þessa fundar, síðar skal í lokræsi nið-
urgrafast, og sé það lokræsi fullar 2 ál. á dýpt.

3. Nefndin samþykkir og, að hrinda því, í
sambandi við lindarmál þetta, í framkvæmd,
að tilverði búinn velgjörður vatnsgeymir
við lindina, þar sem hún rennur út úr brekk-
unni, og taki hann minnst 50 tunnur.

Skal kostnaður við fyrirtæki þetta greidd-
ur þannig:

1. að 1/3 greiðist af spítalasjóði, sam-
kvæmt þegar fengnu loforði spítala-
nefndarinnar.
2. ~~Að~~ Með niðursjafnunargjaldi ~~samskotum~~, sem á áætlaðar
eru minnst 60 krónur, og leggst á þá,
er væntanl. þurfa að nota lindina,
en það sem upp á kann að vanta, borg-
ist af hreppssjóði.
3. Hver sá, er eigi vill greiða gjald
það, sem honum er ákveðið til þessa fyrir-
tækis skal greiða í ársgjald fyrir
notkun lindarinnar minnst 2 kr.
eða svo miklu meira, sem hrepps-
nefnd kann sanngjarnt að meta
og að samkomulagi getur orðið. Hið
sama gjald fyrir notkun lindarinnar

skulu og þeir greiða, sem síðar kunna að óska að fá að-
gang að vatnsbóli þessu, og eigi hafa tekið þátt í bygg-
ingarkostnaði geymisins. – Allir þeir, sem nú leggja
góðfúslega fram þann skerf til þessarar fyrir-
hugaðu vatnsgeymslu, sem hreppsnefnd á-
kveður, skulu jafnan síðan lausir við
að greiða nokkurt árgjald fyrir notkun
lindarinnar.

4. Jóni Guðmundssyni er falin framkvæmd
á framrásu lindarinnar í lokræsi, svo
sem fyr greinir, og útvegun alls er í því
sambandi standa, en oddvita
sínum felur nefndin að annast um
framkvæmd á ~~og~~ tilbúningi vatns-
geymisins, og innheimtu á niðurjöfnunargjaldinu.

— " — " —

Þar að nefndinni getur ei annað en gramist, hve
lítt hreppsnefndarmaðurinn Þorsteinn Sigurðs-
son hefur um undanfarinn tíma, og það
all lengi, sinnt hreppsnefndarstörfunum
og algerlega vanrækt fundarsókn, felur
hún Jóni Guðmundssyni að finna Þorstein
að máli og fá hann til að segja af sér
hreppsnefndarmannsstarfinu, – og odd-
vita sínum, að því búnu, að gangast fyrir
að nýr maður verði kosinn í nefndina

nú þegar í vor. –

Nefndin felur oddvita sínum tafarlaust
að skrifa sýslumanni og biðja hann að full-
tryggja þurfalingnum ~~og~~ Hafliða Gunnars-
syni, hinum geðveika, móttöku og pláz á
geðveikraspítalanum syðra undireins og
hann tekur til starfa.

Fundi slitið

Jónas Sveinsson. Árni Björnsson
Guðmundsson Pjetur Sighvatsson

Hinn 11. júlí 1906 hélt hreppsnefndin
fund á Sauðárkróki og voru nefndar-
menn allir mættir nema Þorsteinn
Sigurðsson.

Tilefni fundarins var bréf frá stjórn-
arráði Íslands dags. 5. þ. m., þar sem
þess er á leit farið að hreppsnefndin
hér taki upp á sveitarsjóð skilyrðis-
lausa skuldbindingu fyrst um sinn
til 5 ára ~~fyrir~~ um alla greiðslu á öll-
um kostnaði við starfrækslu tal-
símastöðvar á Sauðárkróki

án þess landssjóður leggi þar nokkuð
fram ~~við~~ til að standast kostn-
að af nefndri starfrækslu.
Hreppsnefndin álítur sig ekki hafa
heimild gagnvart gjaldendum hreppsins
að veita úr sveitarsjóði meira fje til tal-
símastöðvarinnar en hún þegar hefur
með samþykkt á fundi hinn 11. f. m.
gengið inná við umboðsmann stjórnar-
innar, herra ingeniör Forberg, enda byggði
hún og þá samþykkt sína á grundvelli
gildandi fjárlaga. – Hreppsnefndin leyfir sér
og að benda til þess, að hin vissasta arðsvon
er fyrir landssjóðinn af talsímastöð á
Sauðárkróki fremur sennilega en af sum-
um samskonar stöðvum annarsstaðar ÷
(~~þar sem nú þegar eru fengnir 12 fastir við-~~
~~skip~~) og hinsvegar hin brýnasta þörf
fyrir stöðina, þar, ekki einasta vegna þessa
hrepps heldur og vegna sýslunnar allrar.
Álítist það sanngjarnlegt, að arðtakandi af tal-
símastöðinni, sem er landssjóður, eigi beri af henni
neinn árlegan starfrækslukostnað, virðist
hreppsnefndinni sanngjarnt að hlunninda-
-njótendur af stöðinni beri af henni kostn-
aðinn, og komi hann því á sýslufjelagið alla,
og gjaldist greiddur úr sýslusjóði. –

Að öðru leyti ber hreppsnefndin það traust
til hinnar háu landsstjórnar, að hún við
nánari íhugun komist að því, að sann-
girni mæli með, þegar á allt er litið, að
talsímastöðin á Sauðárkróki sé að nokkru
leyti kostuð af landssjóði, svo sem komi
í samræmi við þær um gefnar vonir í sumum
tilfellum í 2. tölul. „ákvæða um og skilyrði
fyrir stofnun landsímatalstöðva og sam-
bandi þeirra við önnur talsímasambönd
innsveitis o. fl.“
Í samræmi við þessa sína skoðun felur
hreppsnefndin oddvita sínum að gefa svar
upp á hið í byrjun nefnda stjórnarráðsbrjef.
Fleiri mál lágu ei fyrir fundinum og
var honum því slitið. –

Jónas Sveinsson

Ár 1906, hinn 2. ágúst, helt nefndin fund, og
voru allir nefndarmenn mættir nema Þor-
steinn Sigurðsson.
Tilefni fundarins var enn á ný að taka
til yfirvegunar stofnun og rekstur
talsímastöðvar á Sauðárkróki. Var herra
ingeniör Forberg mættur á staðnum

og lét það ótvírædlega í ljósi, að alls engin talsímastöð yrði stofnuð né sett á Sauðárkróki, nema því að eins að hreppsnefnd Sauðárhrepps nú þegar gæfi fulla tryggingu fyrir greiðslu af hreppsfé á 120 krónum árgjaldi í næsta fimm ár til að standast kostnað við slíka talsímastöð.

Það sem málið nú liggur fyrir með fullum rökum þess, – að hreppsnefndarinnar svar og undirtektir verða því að öllu ráðandi, hvort á Sauðárkróki verði sett talsímastöð eða ekki, – vill nefndin eigi verða þess valdandi að hið skagfirzka sýslufélag útilokist frá tal- og rit-símasambandi innanlands- og utan, og samþykkir því, að takast á hendur hina í skilyrði settu ábyrgð fyrir greiðslu starfrækslukostnaðarins, – í því fulla trausti að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu á næsta fundi taki að sér árlega greiðslu á að minnsta kosti helmingi þess fjár úr sýslusjóði. – Felur nefndin oddvita sínum að sækja um fjárveitingu þessa til sýslunefndarinnar.

Fundi slitið

Jónas Sveinsson  Pétur Sighvatsson.  J. Guðmundsson
Árni Björnsson



Hinn 24. okt. 1906. var fundur settur af oddvita hreppsins á Sauðárkróki. Voru auk hans mættir á fundinum séra Árni Björnsson og gjaldkeri hreppsins Jón Guðmundsson, en eigi mættu: Pétur Sighvatsson og Þorsteinn Sigurðsson.

Lýsti oddviti því yfir, að hlutverk fundar þessa væri, að jafna niður sveitarútsvörunum, en afarmikið starf lægi fyrir nefndinni að inna af hendi, áður það aðalstarf gæti byrjað, bæði að uppgjöra reikninga Gönguskarðsárbrúar og yfirvega alla reikninga hreppsins í þeirra ýmsum greinum og atriðum.

1. Var þá fyrst uppgjörður reikningur hreppsins við oddvitann og samþykktur, án nokkurra athugasemda. –
2. Þarnæst var uppgjörður og innfærður í hreppsbók reikningur yfir kostnað við byggingu alla á Gönguskarðsár brú með stöplum, og sýnir reikningur sá, að brúin hefur kostað: 3536 kr. 98 aura.

Meira var ei unnt að vinna dag þenna, og var því fundi frestað til næsta dags.

Að morgni hins 25. Okt. var fundinum framhaldið, og voru engir nefndarmenn mættir nema oddviti og séra Árni Björnsson

Störfuðu þessir menn einir að því að gjöra upp hreppsreikningana og umfara þá í höfuðbók hreppsins, sem og að yfirfara marga reikninga, skjöl og skilríki, sem byggja varð á við samning reiknings sveitarsjóðsins.

3. Aðlokum var saminn og samþykkt svolátandi:

Áætlun
um tekjur og gjöld Sandárhrepps ár 1906–1907

| Tekjur | Kr. | a | Gjöld | | Kr | a |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Fundarútsvör | 120 | 00 | 1. Afborgun og rentur af skuldlánum | | 465 | 00 |
| 2. Afborgun af Runólfsstöðum | 400 | 00 | 2. Refaveiðar | | 100 | 00 |
| 3. — — Grund | 34 | 00 | 3. Barnaskólastyrkur | | 400 | 00 |
| 4. Húsaleiga af Grundarhúsi | 25 | 00 | 4 Yfirsetukvennastyrkur | | 210 | 00 |
| 5. Renta frá Sandártrésskóla | 14 | 00 | 5 Til þurfamanna: | | | |
| 6. Frá Skefilst.hreppi uppí barnakostn. | 100 | 00 | a. Hafliði Gunnarsson | 400.00 | | |
| | | | b. Hálfdán Kristjánsson | 200.00 | | |
| | | | c. Jón Sigurðsson | 200.00 | | |
| | | | d. Ingig. Gestsd. 80/00 Holmfr. 100/00 | 180.00 | | |
| | | | e. Gudný 40/00. Gudm. Gudmundsson 60/00 | 100.00 | | |
| | | | f. Jóhann 60/00 Margrét 50/00 | 110.00 | | |
| | | | g. Páll 36/00 Christján 45/00 | 81.00 | 1271 | 00 |
| | | | 5. Læknishjálp 100/00 Til þurfam. utanhrepps 100 | 200.00 | 200 | 00 |
| | | | 6. Sýslusjóðsgj. 670/00. Gátnagjöld 30/00 Gróðrarst. 50/00 | | 750 | 00 |
| | | | 7. Sveitarstjórn 330/00. Til brúa 170/00 Lindir 200/00 | | 700 | 00 |
| 7 Til niðurjöfnunar = | 3983 | 00 | 8 Ýmiss útgjöld. | | 500 | 00 |
| Krónur | 4686 | 00 | Krónur | | 4686 | 00 |

Var síðan fundinum frestað til næsta dags.

Hinn 26. Október hélt fundinum enn áfram að öllum nefndarmönnum mættum, nema Þorsteini Sigurðssyni.

Áætlunin var lögð fram til skoðunar þeim nefndarmönnum, sem eigi voru mættir á fundinum í gær, en nú voru til staðar, og samþykktu þeir hana.

Hin samningað fullu samþykkta áætlun um tekjur og gjöld hreppsins, 1906–1907, ber með sér, að þarfirnar eru lítið eitt minni en síðastl. ár, – en þess er að gæta, að gjaldendum hefur nokkuð fækkað, svo að hreppsnefndin sér sig knúða til að taka hinn sama mælikvarða til notkunar við auka-útsvarsálagninguna sem í fyrra, eða 3 krónur á hvert lausafjárhundrað eða jafngildi þess í öðru, þar, sem eigi koma til neinar sérstakar ástæður til hækkunar eða lækkunar frá nefndri meginreglu.

Tók þá nefndin til starfa, og vann af kappi að niðurjöfnun útsvaranna dag allan að nóttu, og hafði þó ei fullokið starfi því. Var því:
fundi frestað um óákveðinn tíma.

Hin 29. oktober var hreppsnefndarfundinum framhaldið, og mættu þá allir nefndarmenn nema Þorsteinn Sigurðsson.

Sat nefndin að störfum dag þann allan milli máltíða, lagði síðasta hönd á niðurjöfnunarstarfið, skrifaði útsvarsseðla, skýrslu til framlags fyrir almenning og annað, er í sambandi við niðurjöfnunina stóð. Var þannig lokið sjálfu niðurjöfnunarstarfinu.

4. Lögð var fram:

a. Tilkynning frá sýslumanni um að 34 krónum kæmi til úthlutunar úr Alþýðustyrktarsjóði.

b. Umsókn um styrk úr sjóði þessum frá:

1. Guðmundi Þorleifssyni, Heiðarseli.
2. Þorbergi Sigurðssyni Sauðárkróki

Hreppsnefndin veitir umsækendunum hinn umbeðna styrk þannig:

Guðmundi Þorleifssyni : Kr: 17,00
Þorbergi Sigurðssyni : Kr. 17,00.

5. Úr „Styrktarsjóði fátækra í Sauðárhrepp“ samþykkir hreppsnefndin þessar styrkveitingar fyrir ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ fjárhagsárið: 1905–1906.

a. Til Guðmundar Þorleifssonar, Heiðarseli Kr: 65,24
b. – Þorvaldar Sveinssonar Sauðárkrók 50.00.

6. Gjaldkeri upplýsti, að sveitarstyrkur veittur Eyjólfi Ísakssyni á Sauðárkrók á síðastl. vori, eptir framfarna aðsjón, væri enn ógreiddur af framfærslusveit hans; ~~[illegible]~~

Í tilefni af þessu felur nefndin oddvita sínum að skrifa sýslumanni og biðja hann að hlutast til um að nefndur sveitarstyrkur verði tafarlaust endurborgaður af réttum hlutaðeiganda.

7. Fram var lögð umsókn Stefáns Björnssonar á ~~[illegible]~~ Skíðastöðum um að verða ráðinn til umgangskennslu í hreppnum næsta vetur.

Hreppsnefndin samþykkir að ráða Stefán Björnsson á Skíðastöðum til að gegna umgangskennara starfi í hreppnum, en setur ~~[illegible]~~ upp við hann, að hann sinni svo mörgum heimilum og nemendum sem hann frekast getur, allt eptir nánari samkomulagi við hreppsnefnd og sóknarprest. —

8. Nefndin ákveður að halda almennan hreppsfund 1. desember næstkomandi til þess að fjalla um skiptingarmál hreppsins.

Þar sem enn lágu mörg mál fyrir en dagur var að kvöldi kominn, og mál þessi stóðu í sambandi við niðurjöfnunina, samþykkir nefndin að fresta fundinum enn til næsta dags, ef þá yrði hægt að koma saman til starfa. —

Hinn 31. okt. 1906, var enn framhaldið hreppsnefndarfundinum, og voru þá mættir

Var þá tilt starfa tekið þannig:

9. Oddviti gat þess, að nokkrir menn væru hér í dvöl án hreppsnefndarleyfis, og yrði að kæra þá fyrir sýslumanni, og þar af leiðandi eigi hægt að leggja útsvar á þá. Þessir menn, sem þannig ber að kæra, eru:

1. Árni Friman Árnason, Hlíðarenda.
2. Teodór Friðriksson Tjörn
3. Guðmundur Sigurðsson, Sandárkróki
4. Eyjólfur Gíslason s. st.
5. Sigfús Eyjólfsson s. st.
6. Magnús Jónsson s. st.
7. Jón Sigfússon s. st.
8. Jóhannes Jóhannesson s. st.
9. Knud Hertervig — s. st.

Var síðan þegar skrifuð kæra yfir þessum mönnum og afgreidd, en það áskilið að Knud Hertervig sleppi ósakaður, ef hann færi héðan með næstu ferð til Akureyrar svo sem hann hefur tjáð sig hafa í hyggju.

10. Skrifuð tilkynning til sýslumanns um styrkveitingu úr Alþýðustyrktarsjóði hreppsins.

11. Skrifuð og afgreidd beiðni til sýslumanns um að innheimta frá framfærslusveit Eyjólfs Ísakssonar sveitarstyrk þann er honum var lagður á síðasta vori, að upphæð: 18 kr. 64.

12. Nefndin kýs Jónas oddvita Sveinsson til að vera við samning verðlagsskrárinnar í ár.

Var þá að fullu lokið störfum hreppsnefndarinnar að þessu sinni, og útsvarsseðlar allir fullbúnir til brottsendingar. Eigi lágu fleiri mál fyrir.

Fundi slitið:

Jónas Sveinsson

Ár 1906, hinn 1. desember, var almennur hreppsfundur haldinn á Sauðárkróki, og voru á honum mættir um        gjaldendur hreppsins. Oddviti setti fundinn.

Fundurinn kaus í einu hljóði sýslumann P. V. Bjarnason fyrir fundarstjóra, og séra Árna Björnsson fyrir fundarskrifara.

Ritari las upp og skýrði nokkrar fundargjörðir hreppsnefndar frá síðasta sumarmisseri, sérstaklega að því er snerti þá ákvörðun hreppsnefndar, að taka upp á sveitarfélagið til bráðabirgðar um 5 næsta ár starfrækslukostnaðinn við ritsímastöðina á Sauðárkrók. Engi fundarmanna hóf neinn mótmæli gegn þessari ráð~~stöfun~~ ~~[illegible]~~ hreppsnefndar.

Fundarstjóri lýsti því (~~[illegible]~~) yfir, að aðaltilefni fundar þessa væri áskorunarskjal frá flestum bændum hreppsins um skiptingu sveitarfélagsins í tvö hreppsfélög, annað, er næði yfir kauptúnið Sauðárkrók og hitt yfir sveitarbæina.

Var samkvæmt þessu til umræðu og úrslita tekið

1. Skipting Sauðárhrepps í tvö hreppsfélög

Eptir að nokkrar umræður höfðu fram farið í máli þessu, samþykkti fundurinn að kjósa 5 manna nefnd til að íhuga það, og koma fram með ákveðnar tillögur um það á almennum fundi, sem halda skyldi á Sauðárkróki í næsta janúarmánuði. Samþykkir fundurinn, og að viðhafa hlutfallskosningu þannig: að 2 nefndarmanna yrðu kosnir af bændum úr bændaflokki, en 3 nefndarmenn af Sauðárkróksbúum úr flokki Sauðárkróksbúa.

Fór síðan kosningin fram, og urðu þessir kosnir:

Benedikt Sölvason á Ingveldarstöðum
Flóvent Jóhannsson á Sjávarborg
Sýslum. P. V. Bjarnason, Sauðárkrók
Jónas Sveinsson, s. st.
Séra Árni Björnsson s. st.

2. Gönguskarðsárbrú.

Oddviti hreppsins lýsti því yfir, að lokið væri byggingu ~~Gönguskarðs~~ Gönguskarðsárbrúarinnar, og að hreppsnefndin hefði með ~~bréfi~~ til sýslunefndarinnar afsalað sér brúnni í hendur sýslufélagsins; en þar sem oddviti

sýslunefndarinnar ekki að svo stöddu vildi taka brúna uppá sýslufélagsins til eignar og viðhalds; og fyrirskipar hins vegar að láta fyrst fram fara viðgjörð á aðalstöpli brúarinnar, sem áin hefir þegar grafið undan; - hefði því hreppsnefndin þegar framkvæmt bráðabirgða-viðgjörð á stöplinum.

Fundarinn samþykkir að öllu framkomandi hreppsnefndarinnar í brúarbyggingarmáli þessu og felur henni að afhenda sýslunefndinni brúna á næsta fundi í því formi og ástandi sem best þykir við eiga.

Eigi fleiri mál fyrirtekin og var því fundi slitið.

d. u. s.

P. Pjetursson. Árni Björnsson

Hinn 17. des. 1906 var haldinn hreppsnefndarfundur á Sauðárkróki, og voru á fundinum mættir

Aðalstilefni fundarins voru sveitarútsvarskærur nokkrar, sem nefndin því tekur til meðferðar og úrskurðar á þessa leið.

1. Útsvarskæra Runólfs Jónssonar á Sauðárkróki. Kærandi ber sig saman við Þorvald Einarsson á Sauðárkróki, og heimtar sitt útsvar lækkað um 3 kr., en að öðrum kosti hlutfallslega hækkun á útsvari samanburðarmanns.

Eptir nána íhugun og að framkomnum nýjum og glöggum upplýsingum um tekjur kærandans, sér nefndin ástæðu til að taka kæru þessa að nokkru leyti til greina, og úrskurðast því:

Útsvar Runólfs Jónssonar skal lækka um 2 krónur, eða úr 12 krónum niður í 10 krónur.

Þessi úrskurður var birtur kæranda þegar á fundinum, og tekur hann þessa birtingu fullgilda.

2. Útsvarskæra Steindórs smiðs Jónssonar, sem fer fram á 12 króna lækkun á útsvari sínu, en hækkun nokkra hjá þeim Sigurgeir Daníelssyni, Jóni Guðmundssyni og Eggert Kristjánssyni, sem kærandi tók

sér að samanburðarmönnum. Kærandi og Sigurgeir Daníelsson voru mættir á fundinum.

Sakir þess að hreppsnefndarmaður Jónas Guðmundsson gat ekki fundinum haldið áfram starfi sínu, - og er honum því frestað til næsta dags.

Hinn 18. des. 1906 var fundinum framhaldið og voru þá nefndarmenn allir mættir nema Þorsteinn Sigurðsson.

Var þá fyrst á ný fyrirtekið útsvarskærumál Steindórs Jónssonar.

Að öllu athuguðu og að fengnum fullkomnari upplýsingum; fellir hreppsnefndin svolátandi:

Úrskurð:

Útsvar Steindórs Jónssonar skal lækka um 3 krónur, eða úr 30 krónum niður í 27 krónur. Útsvör samanburðarmanna skulu óbreytt standa. —

3. Útsvarskæra Sigurðar Símonarsonar var þá fyrirtekin.

Hreppsnefndin úrskurðar:

Þar sem það er sannað fyrir nefndinni að kærandinn eigi hefur rekið atvinnu sína fulla 4 mánuði af hreppnum á árinu, skal útsvar hans burtu falla. ——

4. Útsvarskæra Pjeturs Leifssonar kom þá fram. Mættir Útsvarskærandi og samanburðarm. Chr. Möller.

Það upplýstist fyrir nefndinni, að kærandinn er skuldlítill maður og kann vel til nokkurra iðna annarra en verzlunariðju svosem myndasmíðar, og að hann á allt er að myndsmíðinni lýtur, ~~vott~~ myndtökuvél o.fl., að hann enn fremur hefur nokkur undanfarin ár stundað allgóða atvinnu, og á ~~t~~ nokkra eign í ýmsum dauðum munum auk hins áður talda. Þar sem aptur samanburðarmenn hans eru allir svo að kalla efnalausir byrjendur, sem alls ekki er hægt að leggja á neitt hjá annað en árskaupið, og sumir þeirra nýkomnir frá námi með skuld á baki. Hinsvegar hefur ~~mun~~ hreppsnefndin haft áreiðanl. upplýs launaupphæðir á að byggja að því er samanburðarmenn ~~ina~~ snertir, og upplýsist fyrir nefndinni, að þeir hafa ~~sæ~~ nokkru hærri laun, en hreppsnefndin gekk út frá.

Nefndinni virðist því réttlátt, að útsvar samanburðarmannanna hækki lítið eitt, og að útsvar kærandans skjóti þá og að lækka í hlutfalli rétta við samanburðarmennina, enda hefur og ~~s~~ nefndin orð að skýjart skýlausa vitkornin frá samanburðar-

manninum, Chr. Möller um hlutfallslega lækkun á útsvari kærandans.

Úrskurðast því:

Útsvar Péturs Leifssonar skal lækka um 3 krónur eða úr 20 kr. uppí 23 krónur

Útsvar Gísla Jónssonar lækki um 2 kr. eða úr 8 kr. uppí 10 kr.

Útsvar Þórðar Kristinssonar lækki um 3 krónur eða úr 10 kr. upp í 13.

Útsvar Chr. Möllers lækki um 2 kr 50 a. ~~úr~~ eða: úr 8 krónum upp í 10 kr 50.

Fundi slitið

Jónas Sveinsson

Árni Björnsson P. Sighvatsson

[illegible] Guðmundsson

Ár 1907, laugardaginn hinn 12. jan. var á þá höldnum almennum hreppsfundi á Sauðárkróki, í byrjun fundar, upplesið erindi frá sýslumanni Skagafjarðarsýslu, það sem hann hvetur hreppsnefnd Sauðárhrepps að annast korn- og annara fóðurtegunda pöntun fyrir hreppinn. Í tilefni af þessu fékk fundurinn í einu hljóði hreppsnefndinni að safna slíkum fóður-pöntunum uppá ábyrgð hreppsfélagsins, og hlutast til um, að slíkar pantanir komi í tækan tíma, ef unnt er.

Sauðárkróki 12. jan. 1907.

Jónas Sveinsson

~~Árið 1907, hinn 12 jan., var almennur hreppsfundur haldinn á Sauðárkrók, fundinn setti oddviti Jónas Sveinsson, og kaus fundurinn sýslumann P. V. Bjarnason fyrir fundarstjóra og séra Árna Björnsson fyrir skrifara.~~

~~1. rætt um kornmatar kaup fyrir hreppinn snemma í maí eða fyr ef nauðsynlegt verður pantað~~

~~fundinum var síðan gefin kostur á panta~~

~~2. lesið upp nefndarálit nefndar þeirrar er kosin var á hinum almenna fundi 1 des. s.l. og urðu um það talsverðar umræður og að síðustu samþykkt.~~

Ár 1907 laugardaginn 12. januar var almennur hreppsfundur fyrir Sauðárhrepp haldinn á Sauðárkróki til þess að ráða til lykta málinu um skifting hreppsins í tvö hreppsfélög.

Fundurinn hefir verið boðaður með boðseðlum útsendum 28. f. m. og auk þess með uppfestri auglýsing hér á staðnum.

Oddviti Jónas Sveinsson setti fundinn

og skýrði frá tilgangi fundarins. Stakk
hann upp á að fundarstjóri væri kosinn
sýslumaður P. V. Bjarnason og var það sam-
þykt í einu hljóði, en fundarstjóri til-
nefndi oddvita Jónas Sveinsson sem skrif-
ara fundarins.

Fundarstjóri lagði fram og las upp álit
nefndar þeirrar, er kosin var á almennum
hreppsfundi 1. f.m. til þess að íhuga
hreppsskiftingarmálið og koma fram með
ákveðnar tillögur um það. Fundarstjóri
lagði ennfremur fram og las upp skýrslu
um sveitarútsvör í Sauðárhreppi fardaga-
árin 1901-1906 og er samkvæmt skýrslu þessari
útsvör á Sauðárkrók að Sauðá meðtaldri
samtals þessi 5 ár — — — kr. 12608,72
en á sveitabæjum hreppsins að Sauðá
frátaldri — — — — — — " 2410,88
og öll útsvör hreppsins þessi 5 ár samtals kr. 15019,60.

Eftir ítarlegar umræður um málið samþykti
fundurinn að óska skiftingar á hreppnum
með svolátandi skilmálum:

1. Sauðárhreppi í Skagafjarðarsýslu skal
skift í tvö sveitarfjelög, þannig að Sauðár-
krókskauptún með jörðinni Sauðá verði
hreppur út af fyrir sig og nefnist Sauðár-
krókshreppur, og hinn hluti hins forna
Sauðárhrepps verði hreppur út af fyrir
sig og nefnist Skarðshreppur.

Samþykt með 41 atkv. móti 1.

2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngsl-
um hins núverandi Sauðárhrepps, þeim
er verða þegar skiftingin fer fram, skal
skift þannig milli hinna nýju hreppa
að í hlut Sauðárkrókshrepps komi
5/6 hlutar, en í hlut Skarðshrepps 1/6 hluti;
og eftir sama hlutfalli skal skifta
sveitarþyngslum, er síðar kunna til að
koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim,
sem hingað til hefir átt sjer stað milli
hinna nýju hreppa. Þó er gjörð sú undan-
tekning frá nýnefndri reglu um skifting
eignanna, að styrktarsjóður fátækra í
Sauðárhreppi eða gjafasjóður Sigurðar
Guðmundssonar frá Heiði skal vera fyrst
um sinn óskiftur og undir stjórn beggja
hreppanna, en hinir árlegu vextir af sjóð-
num, sem til úthlutunar koma, skulu skift-
ast þannig að í hlut Sauðárkrókshrepps
komi 2/3 hlutar, en í hlut Skarðshrepps komi 1/3 hluti.

Samþykt með 20 atkv. móti 10.

3. Aðskilnaður hreppanna skal framfara,

þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í Sauðárkróks-hreppi, en 3 í Skarðshreppi, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði á-greiningur út af skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, sem einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Samþykkt með öllum atkvæðum móti 2.

4. Það virðist sjálfsagt, að með skiftingu þessari sje engin breyting gjörð á hinum forna Sauðárhreppi sem dómþinghá eða manntalsþinghá.

Samþykkt með öllum atkvæðum móti 1.

Fundi slitið

P V Bjarnason

J. Sveinsson.

Almennur hreppsfundur var haldinn á Sauðárkrók hinn 27. april 1907.
Hafði sýslunefndarmaður hreppsins ásamt oddvita boðað til fundarins í því skyni, að bera þar fram ýms málefni frá síðasta sýslufundi, og að auki ýms önnur mál snertandi hreppinn.

Fundarstjóri var kosinn oddviti Jónas Sveinsson, og skrifari séra Árni Björnsson.

Voru svo mál þessi ~~fyrir~~ tekin, og þannig útkljáð:

1. Brunabótamál.

Sýslunefndarmaðurinn vakti athygli manna á því, að lög væru útkomin, er heimiluðu mönnum, bændum í sveit-um, að fá tryggðar húseignir sínar gegn eldsvoða, með sérstöku fyrirkomu-lagi, er fram er tekið í lögunum.

Af því meðal annars að fyrir liggur að skipta hreppnum á næsta vori virðist fundinum eigi ástæða til að taka neitt ákvæði um fram-kvæmd eða undirbúning til framkvæmda í brunabóta-málefni þessu.

2. Bókasafn Skagafjarðarsýslu.
Lýst yfir, að ákveðið hefði verið á sýslufundi, að framvegis skyldi hver, ~~sem að~~ fengi bók að láni úr safninu, greiða 0,50 aura gjald til safnsins árlega.
Fundurinn lýsir óánægju sinni yfir þessu ákvæði sýslufundarins, og æskir þess, að gjald þetta verði afnumið sem fyrst.

3. Markaðshald á Sauðárkrók.
Sýslunefndarmaðurinn hreifði og reyndi að vekja áhuga hreppsbúa á því máli, sem samþykkt var á síðasta sýslufundi, að stofna til almenns markaðshalds á Sauðárkróki, hinn 29. júní þ.á., þar sem sjávarbændur og landbændur skiptust á vörum og gerðu samninga um innbyrðis viðskipti.
Fundurinn er þakklátur sýslunefndinni fyrir þessa samþykkt, og álítur hér stigið spor í rétta og heppilega framfaraátt.

4. Ábyrgð hreppsfélagsins.
Oddviti lýsti yfir að hreppurinn hefði með leyfi sýslunefndar tekið að sér ábyrgð á fóðurbætis pöntun hreppsbúa síðastliðinn vetur.
Fundurinn álítur rétt, að ábyrgð þessi verði að öllu skoðuð sem eitt af sameiginlegum málum hinna nýju hreppa, er hreppskipting verður framfarin, og að hinum nýju hreppsnefndum verði að sjálfsögðu skylt, að sjá um öll skil á greiðslu pöntunar þessarar til Kaupfélags Skagfirðinga, að svo miklu leyti sem skil verða eigi áður gjörð.

5. Slátrunarhús.
Sýslunefndarmaðurinn lýsti yfir að sýslunefndin hefði gefið loforð um fjárstyrk til að koma upp slátrunarhúsi á Sauðárkrók, ef málið fengi fylgi heima í hreppunum.
Fundurinn lýsir yfir eindregnu fylgi sínu með því, að slátrunarhús verði byggt á Sauðárkrók sem allra fyrst.
Fundurinn skorar á stjórn Kaupfélags Skagfirðinga, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til, að slátrun á fé því, er hjá Kaupfélagsverzluninni verður slátrað á næsta hausti

verði látin fram fara eptir þeim
ytrustu hreinlætisreglum, sem
viðtekin eru á útlendum slátr-
unarhúsum, að svo miklu leyti
sem hægt er að koma því við
án slátrunarhúss.

6. Hestleiga.

Fundurinn samþykkir, að greiða skuli 1,50 a.
á dag fyrir hest (af tveimur) hvern, sem fengnir verðum
að láni til þess, að senda suður til kon-
ungsfararinnar til Þingvalla og Geysis,
og skal leitað frjálsra samskota
meðal manna í hreppnum til að
standast þann kostnað.

7. Fátækramál.

Oddviti bar mál á, að þau hjónin
Jón Sigurðsson og María Þorkelsdóttir
bæði örvasa gamalmenni, sem nú
dvelja hjá syni sínum Þorkeli, vildu fara
frá honum og reisa húsmennskubú með
styrk frá hreppnum, og vildi hreppsnefndin
gjarna heyra undirtektir hreppsfundarins
um þetta. Þorkell, sem mætti á fundinum bjáði
sig áfúsan og ófáanlegan til að halda foreldra
sína að þeim nauðugum.

Í þessu máli tók fundurinn enga ákvörðun

8. Hreppaskiptingamálið.

Sýslunefndar ~~nefnd~~armaðurinn lýsti
því yfir, að sýslunefndin hefði með
öllum atkvæðum gegn einu gefið
meðmæli sín með skiptingu hreppsins.

9. Gönguskarðsárbrú

Sýslunefndarmaðurinn lýsti yfir, að sýslu-
nefndin hefði tekið að sér að fullu og
öllu Gönguskarðsárbrúna, og væri
hún því að öllu undan afskiptum
hreppsins.

10. Talsímastöðin.

Sýslunefndarmaðurinn lýsti því enn yfir
að sýslunefndin hefði veitt 100 kr.
til hreppsins til að standast kostn-
að við rekstur talsímastöðvarinnar.
á Sauðárkróki.
Fundurinn samþykkir að fela
hreppsnefnd (~~Sauðár~~) hreppsins að
bera fram á næsta þingmála-
fundi héraðsins áskorun til
þingmanna sýslunnar um, að
þeir gjöri sitt til að fá því framgengt,
að símastöðin á Sauðárkróki
verði gjörð að fyrsta flokks stöð
og laun stöðvarstjórans verði
greidd af landssjóði. —

11. Berklaveikishæli:
Héraðslæknirinn fékk lagt fyrir fundinn áskoranir um að sinna stofnun sjúkrahælis fyrir berklaveikt fólk með því að gjörast áskrifendur að árstillagi til þess fyrirtækis. Talaði bæði hann og einkum fundarstjórinn hið besta fyrir málinu, og sýndi fram hve háleit og kristileg siðferðisskylda það væri að styrkja annað eins mannúðar fyrirtæki eins og hér væri um að ræða. Gjörðust þá ýmsir til að skrifa sig fyrir árstillagi, og var þessu fagra nauðsynja máli yfirleitt vel tekið.
Lágu ei fleiri mál fyrir, og var því fundinum slitið.

d. u. s.

Árni Björnsson    Einar Sveinsson

Ár 1907, hinn 28. april að kveldi, var haldinn hreppsnefndarfundur í Sauðárkrók og voru allir nefndarmenn mættir nema Þorsteinn Sigurðsson.
Voru mál þessi fyrirtekin:
1. Beiðni kom til nefndarinnar um styrk til sveitakennara Stefáns Björnssonar á Skíðastöðum, sem fengist hefir við barnakennslu í hreppnum, til þess ráðinn af hreppsnefndinni. Hreppsnefndin samþykkir að veita umgangskennaranum 40 krónur fyrir starfa hans.
2. Hreppsnefndin samþykkir að veita styrk úr „Styrktarsjóði fátækra í Sauðárhreppi":
Þorbergi Sigurðssyni Kr: 52,98
Guðmundi Þorleifssyni — 60.00
Þorvaldi Sveinssyni 60.00
fyrir árið 1906–1907.
Fundinum slitið.

Einar Sveinsson    Árni Björnsson
P. Sighvatsson    [illegible]

Ár 1907, hinn 30. maí, hélt hrepps-
nefndin fund í húsi oddvitans og
voru nefndarmenn allir mættir, nema
Þorsteinn Sigurðsson.

Aðaltilefni fundar þessa var að ræða
um inneign hreppsins við dánarbú Magn-
úsar Benediktssonar. – Fyrir nokkrum hluta
skuldar dánarbúsins við hreppinn, stendur
húseign þess að veði. Hefur nú ekkjan
Guðný Jónasdóttir, sem fengið hefur leyfi
til að sitja í óskiptu búi, gefið
hreppsnefndinni kost á að kaupa
húseignina, – gegn því að þar með kvitt-
ist öll skuld búsins við hreppinn, staf-
andi frá fyrri árum, sem og skuldir þær,
er myndast hafa á síðastliðnum
vetri, beinlínis stafandi frá veikind-
um og dauðsföllum á heimili ekkjunn-
ar, – og æskir hún að fá fyrir húseign-
ina: 650 – sex hundruð og fimmtíu krón-
ur, sem er matsverð á henni.

Jafnvel þó að hreppsnefndin telji verð
þetta á henni fullhátt sett, sér hún
ekki ástæðu til annars, en að sam-
þykkja kaup á húseigninni fyrir
hreppsins hönd, – þar sem fátæk ekkja
á í hlut, sem er hér sveitlæg og hefur
fyrir 3 börnum að sjá, – en hinsvegar
má víst telja, – að talsverður hluti
hinnar gömlu hreppsskuldar félli al-
gerlega, ef búið hefði verið til skipta
tekið, – og myndi að sjálfsögðu eptirgefin
innan skamms, þó verð húseignar-
innar yrði lægra ákveðin í fyrstu.

Nefndin samþykkir að kaupa húseign
ekkjunnar Guðnýjar Jónasdóttur á Sauðárkrók,
sem nefnd er „Hæeyri“ fyrir 650 – sex hundr-
uð og fimmtíu krónur, – , – sem borgist
þannig:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Skuld dánarbúsins við Styrktarsjóð fátækra í Sauðárhreppi | 146.55 |
| b. | Gömul skuld við hreppinn | 170.89 |
| c. | Úttekt frá hreppnum síðastl. vetur | 153.84 |
| d. | Skuld við Söludeild Kaupfélagsins | 81.83 |
| e. | Til læknis Sigurðar Pálssonar | 50.00 |
| f. | Til prests Árna Björnssonar | 13.81 |
| g | Til ekkjunnar Guðnýjar Jónasdóttur (Seljanda) | 33.08 |
| | Allt kaupverð Kr: | 650.00 |

Nefndin felur séra Árna Björnssyni, að semja
og fyrir hreppsnefndarinnar hönd að undir-
skrifa kaupsamning fyrir ofannefndum
húsakaupum, byggðan á grundvelli þeim, sem áður greinir.

sem og að heimta afsal fyrir húseigninni, að kaupsamningsgjörð fullnægðri.

Fundi slitið

d. u. s.

Jónas Sveinsson　　Árni Björnsson
Pjetur Sighvatsson　　Guðmundur

88 auðar síður